

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 31. mars 2022

Mál nr. S-1681/2021:

Ákærvaldið

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Finni Þ. Gunnþórssyni

(Almar Möller lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 15. febrúar, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 26. ágúst 2021, á hendur Finni Þ. Gunnþórssyni, kt. 000000-0000, [...], „fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 3. nóvember 2019 á ofangreindu heimili sínu, með ofbeldi og ólögmati nauðung haft samræði og önnur kynferðismök við A, kennitala 000000-0000, án hennar samþykkis, en ákærði hrinti henni á rúm og hélt henni fastri, reif mörgum sinnum í hárið á henni og tróð hönd sinni mörgum sinnum upp í munn hennar og hélt fyrir vit hennar svo hún átti erfitt með andardrátt, sló hana, beit og kleip mörgum sinnum um allan líkamann og hafði við hana samræði og stakk síðan nokkrum fingrum inn í leggöng hennar, allt með þeim afleiðingum að A hlaut eymsli yfir kinnum og út að eyrum og yfir hnakka og í hnakkafestum, marbletti á neðri vör, á hálsi, brjóstum, baki, mjöðmum og báðum handleggjum og fótleggjum, roðarák með punktblæðingu og rispu á hálsi, rispur á baki og á mjöðmum og bólgubreytingar og létta blæðingu á leghálsi,

Brot þetta telst varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er gerð sú krafa að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr. auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 3. nóvember 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að

mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu og þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en ella af henni sýknað. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem öll verði bundin skilorði. Sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir

Hinn 20. nóvember 2019 mætti A á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og kærði Finn Þ. Gunnþórsson, ákærða í máli þessu, fyrir kynferðisbrot sem hann hefði framið gegn henni aðfaranótt 3. nóvember 2019, á heimili hans í Hafnarfirði. Brotapoli hefði farið út að skemmta sér með vinkonu sinni og á [...] hefðu þær hitt ákærða og mál hefðu þróast þannig um kvöldið að brotapoli og ákærði hefðu farið saman heim til hans. Heima hjá honum hefðu þau farið að kyssast og farið úr fötum. Brotapoli hefði á þeirri stundu verið reiðubúin til kynlífs með ákærða en um mínútu síðar hefði hann tekið hana, snúið við og hent á magann og í framhaldinu tekið að slá hana víða um líkama mjög fast. Eftir það hefði ákærði haft samræði við brotapola. Hafi brotapola þá ekki liðið eins og hún stundaði kynlíf með öðrum, hún hefði aðeins „verið þarna“ og ákærði farið fram að vild.

Ákærða var tilnefndur verjandi 3. júní 2020 og lögregla yfirheyrði ákærða á lögreglustöð 8. júní 2020. Neitaði ákærði þá sök og sagði ásökunina fjarstæðu. Þegar lögregla hefði upplýst hann um kærana símleiðis hefði hann fengið áfall og orðið að leita sér neyðaraðstoðar sálfræðings. Fyrst þegar lögregla hefði spurt hann hefði hann ekkert munað, „svo opnaðist minnið“. Lýsti ákærði atburðarásinni þannig að hann hefði farið á umræddan skemmtistað ásamt vinum sínum og þar hitt brotapola. Þau tvö hefðu farið heim til hans og haft þar samfarir með vilja, þátttöku og vellíðan beggja. Hann hefði ekki beitt brotapola ofbeldi.

B, vinkona brotapola, gaf lögreglu símaskýrslu 21. apríl 2020. Kvaðst hún hafa farið út með brotapola umrætt kvöld. Í skýrslu B kemur meðal annars fram að þær brotapoli hafi verið í rafrænum samskiptum um nóttina eftir að leiðir þeirra skildi. Samkvæmt upptöku af skýrslutökunni segir B að brotapoli hafi sent henni skilaboð. B segir: „klukkan 03:28 sendir hún mér ‚þú tékkar á mér‘ og ég svaraði því ‚hver er staðan?‘ og

hún sagði ‚Good good‘. Og þá sendi ég ‚Eruð þið heima hjá þér? Er mér óhætt að fara að sofa? Þú ert örugg hahaha‘, segi ég og hún svaraði þessu ekki neitt, þetta var klukkan 03:29. Klukkan 09:15 þá svarar hún ‚hahaha já ég er örugg, ertu vöknuð?‘, klukkan 09:15 deginum eftir. Og ég segi ‚já‘ og þá segir hún ‚eigum við að borða saman eftir klukkan 12?‘ Og við hittumst ekki, hún segist bara vera þreytt og svo segir hún 4. nóvember, sem er þá á mánudeginum, ‚elskan getum við tekið hitting annað kvöld, má ég kíkja til þín í kvöldkaffi um klukkan níu?‘ og ég sagði ‚já auðvitað, er ekki allt í góðu?‘. Þá segir hún bara ‚Tell you later‘. Og ég spyr hana svo bara ‚kemstu ekkert fyrir?‘, af því að ég var með [...], og hún komst ekki af því hún var með [...] og svo segir hún bara hérna ‚ég ætla að fá að hringja í þig eftir smá stund‘.“ Brotapoli hefði svo hringt í B, sem segir í skýrslutökunni: „Ég sem sagt segi ‚Mér er óglatt og ég veit ekki hvernig mér á að líða‘, þá er hún greinilega búin að segja mér þetta, klukkan 19:29 5. nóvember. Og þá segir hún bara ‚ég skil það vel, þú hringir ef þú vilt tala meira og við mössum þetta saman‘.“ B sagði í framhaldi af þessu að brotapolí hefði sagt sér frá málinu „sama dag og hún ætlaði að koma til mín, mér fannst eins og það hefði verið deginum eftir sem hún hafði sagt mér þetta, en hún segir mér þetta þarna á mánudeginum bara.“

Brotapoli fór á Neyðarmóttöku síðdegis mánudaginn 4. nóvember og kom þar til C lækni til skoðunar kl 17:40. Í skýrslu C er skráð frásögn brotapola: „Hringdi fyrir í dag á NM. Liðið mjög illa eftir atburð sem varð aðfaranótt sunnudags. Atburður tók nokkurn tíma og er ekki sagt frá í nákvæmri tímaröð því hlutirnir rifjast upp einn og einn. Segir svo frá að hún hafi farið út með vinkonu í bæinn og á [...]. Drakk ekki mikið etv. 3 bjóra. Var að dansa og hitti þar mann sem sýndi henni athygli og bauðst til að keyra þær vinkonur heim. Var blíður í tali og drakk ekki og á bíl. Skapaði traust. Keyrði vinkonuna heim en [brotapoli] vildi svo að þau færu heim til hennar en hann vildi það ekki heldur vildi hann að farið sé heim til hans. Fór þangað og upp í íbúð hans. Strax er inn kom var ljóst að hann ætlaði sér kynlíf frekar en spjall og fljótlega tók hann stjórn og hegðun sem hún átti ekki von á og t.d. sló hana ítrekað með flötum lófa á rass og læri m.a. og varð grófur. Kleip og beit hana víða. Byrjaði á iljunum, og fótleggjum og fór upp á við. Beit eða kleip með fingurgómum hér og hvar. Reyndi að telja henni trú um að hún vildi þetta og sagði ítrekað „Þú vilt þetta.“ Var að þessu meðan hann hafði kynmök um leggöng. Notaði líka munn. Hélt höndum hennar með taki um únliði og svo upp fyrir höfuð og beygði hana þannig að hún gat sig ekki hreyft. Reyndi að klemma saman lærin. Sagði

„Hver er dugleg stelpa?“ Rak höfuðið í í nokkur skipti í vegginn við þetta. Hélt hann um munn hennar og ýtti höndinni fyrir nasirnar svo henni fannst hún vera að kafna. Tróð höndinni endurtekið upp í munninn á henni. Spurði hvort hún væri hársár og hún sagði já því hún er hársár en hann hélt samt af afli í hár hennar og [reigði] höfuð aftur. Virtist ánægður þegar hann hélt henni þannig að hún gat ekkert gert og þegar hann hélt um munn hennar t.d. Fann fyrir að hún var hrædd um líf sitt, vissi ekki hvað gæti gerst ef hún gerði eitthvað. Lýsir því að hafa ekki tekið þátt, hann var að allan tímann. Drakk ekkert hjá honum og veit ekki til þess að hann hafi drukkíð eða tekið lyf. Hann er að hún heldur um 2m hár og er aflsmunur á þeim. Fannst á tímabili eins og hann léti eins og hann væri í klámmynd. Þegar hann hætti lagðist hún út á brún á rúminu og þorði ekki að segja neitt. Undir morgun vildi hann meira en hún klemmdi lærin saman og hélt krosslögðum höndum um brjóstin og hann varð full og klæddi sig. Keyrði hana heim. Fundið fyrir ótta eftir á um sig og um börnin sín. Segist ekki þora að kæra. Er aum víða um líkamann og séð koma fram mar sem hún segir sum eftir bit eða klíp og önnur eftir handtök. Sárt að hreyfa höfuðið fram og til baka og er aum í hnakkanum og hársverði. Tekið eftir mari á neðrivör. Sárt að pissa.“

Í skýrslu læknisins er liður þar sem tilgreint er ýmislegt hugsanlegt kynferðislegt framferði árásarmanns og reitir þar sem læknir merkir við „já“, „nei“ og „veit ekki“ eftir frásögn sjúklings. Er í skýrslunni merkt „já“ við liðina: kynmök um leggöng, getnaðarlimur settur í munn, snerting með getnaðarlimi, káfað á kynfærum, káfað á brjóstum, káfað á rassi og fingur settur í leggöng. Merkt er við „nei“ við liðina: kynmök um endaparm, aðskotahlut stungið um líkamsop og smokkur notaður. Við liðinn „sádlát“ er merkt við „veit ekki“. Loks skal þess getið að ekki er merkt í neinn reit við liðinn „kynfæri konu sett í munn“.

Þá er skráð að brotaþoli hafi eftir atvikið farið í bað og skipt um föt.

Í skýrslunni er skráð eftirfarandi sem „samantekt um ástand sjúklings meðan á skoðun stendur“: „Er mikið niðri fyrir og er miður sín með sjálfsásakanir í byrjun. Er erfitt að segja frá, endurupplifun og öndunarerfiðleikar, þ.e. tekur andtök og verður fjarræn og tárast endurtekið við frásögnina. Virðist verulega óttaslegin. Kvartar um líkamleg einkenni vegna áverkanna en einnig þungt og eins og utan við sig auk svefntruflana.“ Í skýrslunni er jafnframt, þar sem fjallað er um ástand við skoðun, listi um ýmis einkenni annars vegar tilfinningalegs ástands og hins vegar kreppuviðbragða. Af listanum um tilfinningalegt ástand er merkt við liðina: í losti, fjarræn, óraunveruleikakennd,

yfirveguð, samhengislaus frásögn, óttaslegin og endurlifun árásar. Ekki er hins vegar merkt við liðina: í tilfinningalegu jafnvægi, skýr frásögn, eirðarlaus/óróleg, grátköst, árásargjörn, í hnipri, man lítið/ekkert, í sjálfsmorðshugleiðingum, og geðveik. Af listanum um kreppuviðbrögð er merkt við liðina skjálfti, hrollur, vöðvaspenna/stíf, köfnunartilfinning/andþrengsli, hjartsláttur og magaverkir. Ekki er merkt við liðina stækkuð sjáöldur, kaldur sviti, of hröð öndun, svimi, ógleði/uppköst, tíð þvaglát, niðurgangur og þolir ekki snertingu.

Í skýrslunni er skráð að þyngd brotáþola sé „ca [...]“.

Í skýrslunni eru skráðir þeir áverkar sem lækniir hefur greint við skoðun. Segir þar að brotáþoli hafi verið með „áverka um víð og dreif um líkamann og eru skráðir áverkar nýlegir.“ Eru þeir nánar raktir eins og hér greinir.

Um höfuð segir: „Eymsli yfir kinnum og út að eyrum og eymsli yfir hnakka og eymsli yfir hnakkafestum. Mar, blátt á neðri vör ca 1 cm“. Um þessa áverka segir að öðru leyti: „Getur verið eftir högg eða þrýsting. Mar á vör eftir þrýsting eða högg.“

Um háls segir: „Undir vi-eyra eru 2 bogadregnar línur með roðarák og punktblæðingum. Framan við fyrri ummerki er mar og nokkru neðar er rispa“. Um þetta segir: „Áverki með punktblæðingum er eftir þrýsting eða tog og kemur heim og saman við t.d. lýsingu á biti. Neðar er mar eftir t.d. þrýsting og enn neðar rispa sem getur verið eftir skarpan hlut eða t.d. klór.“

Um brjóstakassa / brjóst segir: „Marblettir á brjóstum og eru vi-megin nokkrir í röð og einn nokkru neðar. Á hægri brjósti stærri marblettur.“ Um þetta segir: „Eftir þrýsting – Eins og eftir t.d. fingur á vi brjósti.“

Um bak/herðar segir: „t.v. eru 2 bogadregnir marblettir með punktblæðingum og líkjast bletti vi-megin á hálsi fyrir miðju er blettur ca 2x2cm sem er roði með punktblæðingum.“ Um þetta segir: „Áverki t.v.: Áverki með punktblæðingum er eftir þrýsting eða tog og kemur heim og saman við t.d. lýsingu á biti. Áverki fyrir miðju t.d. eftir tog eða sog.“

Um bak segir: „3 samsíða Rákir/grunnar rispur t.hægri á baki.“ Um þetta segir: „Eftir eitthvað hrjúft t.d. eftir klór með nöglum.“

Um mjaðmir segir: „5 cm x 2-3 cm mar t.h. með nokkrum skörpum efri kanti og punktblæðingum þar. Mar þar fyrir neðan 1x 0,5cm. Rispa þvert efst ca 3 cm“. Um þetta segir: „Mar t.d. getur verið eftir þrýsting eða tog t.d. bit. Rispa eftir eitthvað skarpt t.d. nögl. Mar eftir þrýsting t.d. fingur.“

Um efri útlími segir: „Dreifðir marblettir sem eru um 2x1 hér og hvar nema á við framhandlegg eru 5 slíkir í hálfhring og 1 ögn stærri á móti.“ Um þetta segir: „Eftir þrýsting t.d. eftir fingur.“

Um fótleggi segir: „Mar aftan á hæ-læri 2x2 cm og [svipaðir] utanvert á hæ sköflungi. Eins og eftir fingur t.d. Neðar innanvert á við legg er þykkur marblettur með skörpum bogadregnum köntum ofan og neðan og punktblæðingum. Eftir t.d. tog og þrýsting t.d. bit eins og lýst er í frásögn.“

Í skýrslunni er fjallað um kvenskoðun á brotaþola. Segir þar að skoðun ytri kynfæra hafi verið eðlileg. Um leggangaskoðun segir: „Vagina eðlileg en er með grunsamlegar bólgubreytingar á leghálsi með slímkenndan fluor og léttblæðandi legháls við sýnatöku.“

Í skýrslunni kemur fram að við skoðunina hafi höfuðhár brotaþola ekki verið kembt.

Þá eru í skýrslunni skráðar niðurstöður læknisins: „Kona sem kemur eftir atburð sem átti sér stað aðfaranótt sunnudags. Lýsir manni sem skapaði traust en tók síðan völd í kynlífi og sló, beit og kleip hana um allan skrokk þ.e. bæði útlími bak, brjóst, háls og höfuð. Hafði kynmök um leggöng og munn og tróð einnig höndinni ítrekað upp í munn hennar og aftur í kok. Auk þess hélt hann henni fastri með hárinu og þéttu gripi um líkama og tók um munn hennar og nef svo hún upplifði köfnunartilfinningu. Fann yfirburði hans og óttaðist hann og um líf sitt. Er í áfalli og á erfitt með að rifja upp atburðinn án þess að taka andköf, verða fjarræn, óttaslegin og spyrja hvort sé óhætt að segja frá. Er með áverka á víð og dreif og koma nokkrir vel heim og saman við t.d. lýsingu á biti og aðrir við rispur eftir mögulega neglur og klíp, aðrir eftir grip með fingrum. Aum í mari á neðri vör sem þj. segir hafa komið eftir þrýsting er haldi[ð] var fyrir vit hennar. Eymсли í hársverði og höfði eftir hártog og þegar hnakki rakst í. Brotaþoli er trúverðug og fær hefðbundna aðstoð NM teymis. Segist ekki þora að kæra. Tekin sýni frá kynfærum til mögulegrar DNA-rannsóknar. Fær sýklalyf Doxylin vegna gruns um bólgu í leghálsi. Fyrirhuguð eftirfylgd.“ Undir ritar C læknir.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðingsins D kemur fram að brotaþoli hafi hringt á Neyðarmóttöku fyrr þann sama dag og liðið „illa eftir atburð sem varð aðfaranótt sunnudags.“ Hjúkrunarfræðingurinn hafi rætt við brotaþola í símanum. Þá kemur fram í skýrslunni að brotaþoli hafi komið á Neyðarmóttökuna kl. 17:50.

Í skýrslunni skráð frásögn brotaþola og er að mestu leyti sú sama og áður hefur verið rakin úr skýrslu C. Þess skal þó getið að setningin „Rak höfuðið í í nokkur skipti í vegginn

við þetta“ er ekki í skýrslu hjúkrunarfræðingsins. Þá er í skýrslu hjúkrunarfræðingsins, á eftir setningunni „Hélt hann um munn hennar og ýtti höndinni fyrir nasirnar svo henni fannst hún vera að kafna“, setningin: „Var hrædd um að kafna, hrædd um líf sitt.“ Loks skal þess getið að á eftir setningunni „Lýsir því að hafa ekki tekið þátt, hann var að allan tímann“ er í skýrslu hjúkrunarfræðingsins setningin „Hann sýndi sérstakan svip þegar að hann sá að hann meiddi hana, eins og hann glotti.“

Í skýrslu hjúkrunarfræðingsins er liður þar sem tilgreint er ýmislegt hugsanlegt kynferðislegt framferði og reitir þar sem hjúkrunarfræðingurinn merkir við „já“, „nei“ og „veit ekki“ eftir frásögn brotþola. Í skýrslunni er merkt „já“ við liðina: samfarir um leggöng, kynfæri brotþola sleikt/sogin, brotþoli neyddur til að sjúga kynfæri árásarmanns, snerting með getnaðarlim og kysst, sleikt. Merkt er við „nei“ við liðina: samfarir um endaparm, smokkur notaður, og aðskotahlut beitt. Ekkert er merkt við liðina: sáðlát og tilraun til nauðgunar.

Í skýrslu hjúkrunarfræðingsins er liður þar sem talin eru upp ýmis hugsanleg einkenni andlegs og líkamlegs ástands brotþola við komu. Er í skýrslunni merkt „já“ við liðina óraunveruleikakennd, grátköst/tárast, óttaslegin/kvíðin, hrædd um líf sitt, ráðaleysi, bjargarleysi, endurlifun árásar, skjálfti, hrollur, vöðvaspenna, köfnunartilfinning/andþrengsli, ör hjartsláttur og magaverkir. Ekkert er merkt við liðina í losti, dofi, fjarraen, í tilfinningalegu jafnvægi, yfirveguð, eirðarlaus/óróleg, reiði, árásargirni, niðurgangur, þolir ekki snertingu, man lítið/ekkert, sjálfsásökun, hvumpin, í sjálfsmorðshugleiðingum, geðrof, sturlunarástand, stækkuð sjáöldur, samandregin sjáöldur, kaldur sviti, of hröð öndun, svimi, ógleði/uppköst, tíð þvaglát, í hnipri, þreytt/uppgefin, samhengislaus frásögn og sektarkennd.

Í skýrslunni skráir hjúkrunarfræðingurinn svohljóðandi samantekt: „Búin að líða mjög illa í gær og í dag. Gat ekkert sofið nóttina sem að hún er hjá meintum geranda og ekkert í gær. Svaf illa í nótt, var mikið á milli svefns og vöku. [...]. Finnst eins og hún sé búin að vera í einhverri leiðslu, fann það þegar hún var að keyra. Var mjög hrædd á meðan á þessu stóð, hélt að hún myndi jafnvel ekki koma lífs af. Reyndi að spyrna á móti en hann hélt henni fastri og þegar að hann meiddi hana þá kom svona skrítið glott á andlitið á honum og hún varð enn hræddari. Þarf oft að draga djúpt inn andann, eins og hún eigi erfitt með að ná andanum á meðan á samtali stendur og við og eftir skoðun. Er hrædd að segja frá öllu, hrædd við hann. Segist búa ein og er hrædd að hann komi nálægt sér. Hefur átt erfitt með þvaglát, eins og hún sé með smá þvagtrekðu eftir brot.“

Í skýrslunni segir að brotapolí hafi ekki áður orðið fyrir kynferðisbroti og ekki áður leitað á Neyðarmóttökuna. [...]

Í málinu liggur bréf E sálfræðings til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 10. febrúar 2020. Í bréfinu er vísað til bréfs lögreglustjóra., dags. 20. nóvember 2019, þar sem óskað hafi verið eftir gögnum um andlega hagi brotþola. Í bréfinu segist sálfræðingurinn hafa fengið beiðni frá [...] þar sem óskað hafi verið eftir sálfræðiviðtölum fyrir brotþola til að draga úr kvíða og streitu ásamt því að efla sjálfsmat. [...] Brotþoli hafi dottið af vinnumarkaði [...] vegna álags og streitu. Þá segir í bréfi sálfræðingsins: „[Brotþoli] mætti í fyrsta viðtalið til undirritaðrar þann 25. ágúst 2019. Þá mældist [brotþoli] með talsverð einkenni kvíða og streitu, hún hefur síðan mætt reglulega til undirritaðrar í viðtöl eða um það bil á þriggja vikna fresti eða alls í 7 skipti. Hún á eftir að koma í 4 skipti [...]. Í október sýna mælingar á líðan [brotþola] að dregið hefur úr einkennum streitu og kvíða frá því hún hóf meðferð í ágúst sama ár. Í næsta skipti sem undirrituð hitti [brotþola] greinir hún frá því meinta kynferðisbroti sem umræðir eða þann 11. nóvember 2019. [Brotþoli] tjáði þá að hún hefði sótt sér aðstoðar á bráðamóttöku kynferðisbrota og jafnframt lagt fram kæru á hendur [meintum] geranda. [...] Í þessu tiltekna viðtali greinir hún frá mikilli vanlíðan í tengslum við áfall, einbeitingarerfiðleikum, svefntruflunum, þreytu, orkuleysi og óraunveruleikatilfinningu. [...] Undirrituð mat [brotþola] ekki í ástandi til að svara matskvörðum sem meta einkenni áfalls í þessu tiltekna viðtali. Undirrituð hefur ekki hitt [brotþola] síðan í nóvember 2019. Hún hefur sótt áfallameðferð undanfarna mánuði upp á LSH til að vinna úr umræddu áfalli. Fyrirhugað er að [brotþoli] ljúki meðferð hjá undirritaðri á næstu mánuðum eða í samráði við [...]. Generalized Anxiety Stress Scale (GAD-7) er sjö atriða sjálfsmatskvarði sem metur alvarleika kvíðaeinkenna tveimur vikum fyrir svörun. Skor [brotþola] benti til alvarlegs kvíða við upphaf meðferðar, miðlungseinkenna í október, og aftur til alvarlegs kvíða í nóvember 2019 (eftir áfall) miðað við erlendar rannsóknir. Bent skal á að GAD-7 er skimunarlisti og ekki ber að líta á niðurstöðurnar sem greiningu á kvíðaröskun. Patient Health Questionnaire (PHQ-9) er níu atriða sjálfsmatskvarði sem metur dýpt geðlæggðar tveimur vikum fyrir svörun. Skor [brotþola] benti til miðlungs einkenna í upphafi meðferðar, vægra einkenna í október 2019 og miðlungs til alvarlegra einkenna í nóvember 2019 (eftir áfall). Bent skal á að PHQ-9 er skimunarlisti og ekki ber að líta á niðurstöðurnar sem greiningu á geðröskun.“

Í málinu liggur vottorð F sálfræðings, dags. 9. mars 2021. Í vottorðinu segir meðal annars að D hjúkrunarfræðingur hafi vísað brotþola í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá sálfræðipjónustu Neyðarmóttöku 4. nóvember 2019. Sálfræðingurinn hafi fyrst rætt við brotþola í síma 5. nóvember 2019 „til að veita fyrstu áfallahjálp og bóka viðtalstíma.“. Sálfræðingurinn hafi hitt brotþola þrisvar í viðtölum á tímabilinu 8. nóvember 2019 til 21. janúar 2020 og hafi þjónustunni þá lokið „þar sem ekki var talin þörf á frekari viðtölum, vegna meints kynferðisbrots. Í viðtölum við [brotþola] voru afleiðingar meints kynferðisbrots metnar og fylgst með andlegu ástandi hennar, þ.m.t. einkennum áfallastreituröskunar eftir meint kynferðisbrot og samslátt við aðrar geðraskanir. [Brotþola] var veitt áfallahjálp og sálrænn stuðningur. Þetta er í samræmi við alþjóðlegar klínískar leiðbeiningar.“

Þá segir í vottorðinu að í fyrsta viðtali hjá sálfræðipjónustu Neyðarmóttökunnar 8. nóvember 2019 hafi brotþoli greint frá „vanlíðan eftir meint kynferðisbrot. Hún greindi frá miklum svefnerfiðleikum, tómléikatilfinningu, var vör um sig og hrökk í kút við lítil tilefni. Í viðtalinu var [brotþoli] opinská og trúverðug og var samkvæm sjálfri sér. Geðslag hennar var lækkað og tilfinningaleg ásýnd í samræmi við umræðuefnið. [Brotþoli] greindi frá upplifun á ótta og bjargarleysi á meðan á meintu kynferðisbroti stóð. Hún greindi frá því að hafa upplifað sig í lífshættu og þorði ekki að berjast á móti meintum geranda af ótta við að styggja hann. [Brotþoli] lýsti því að eftir meint kynferðisbrot hafi hún upplifað dofa og verið illt í líkamanum. Upplifun og viðbrögð [brotþola] endurspegla þau viðmið sem lögð eru til grundvallar fyrsta viðmiðs í greiningu áfallastreituröskunar (Posttraumatic Stress Disorder eða PTSD) samkvæmt alþjóðlegum greiningarkerfum. Áfallastreituröskun er alvarleg streituröskun sem einkennist af ágengum endurupplifunum áfalls, að forðast hugsanir og aðstæður sem tengjast áfallinu, neikvæðum breytingum á hugsun og tilfinningum og ýktum einkennum ofurárvekni [...]. Í viðtölunum greindi [brotþoli] frá áfallastreitueinkennum. Hún greindi frá endurupplifunareinkennum, þá sérstaklega tíðum ágengum minningum um meint brot (t.d. þegar meintur gerandi hélt fyrir munn hennar, andlit meints geranda) og sterkum tilfinningalegum og líkamlegum viðbrögðum þegar eitthvað minnti hana á meint brot (t.d. menn sem líkjast meintum geranda, allir bílar sem líkjast hans bíl). [Brotþoli] greindi frá forðunareinkennum, en hún forðaðist hugsanir og tilfinningar tengdum atburðinum. Þá greindi hún frá neikvæðum viðhorfum til sjálfrar sín, annarra og

umheimsins, sjálfsásakandi hugsunum (t.d. „ég hefði ekki átt að fara með honum“) og neikvæðum tilfinningum, t.d. ótta og skömm. Hún kvaðst einnig hafa upplifað áhugaleysi og að vera fjarlæg öðru fólki. Loks greindi [brotaþoli] frá ofurárveknieinkennum, t.d. einbeitingarerfiðleikum, svefnerfiðleikum, var vör um sig (t.d. skimaði stöðugt eftir meintum geranda þegar hún fór út úr húsi) og viðbrigðin. Ofangreind einkenni ollu [brotaþola] uppnámi og truflun í daglegu lífi. Hún greindi frá að fyrst um sinn upplifði hún mikinn ótta við að sofa ein og [...]. Hún sagðist einnig hafa hætt að þora að hitta vinkonur sínar á fjölförnum stöðum af ótta við að rekast á meintan geranda eða lenda aftur [í] svipuðu atviki. Þar að auki fannst henni sjálfstraust sitt minnka eftir meint kynferðisbrot. [...] Í síðasta viðtalinu, þann 21. 01. 2020 greindi [brotaþoli] frá mun betri líðan og áfallastreitueinkennum hennar voru væg og voru því vísbendingar um eðlilegt bataferli eftir áfallið. Hún greindi frá hjálplegum bjargráðum til að takast á við afleiðingar meints brots og ekki var talin þörf á frekari viðtölum vegna meints kynferðisbrots. [...] Í vottorðinu segir að auk greiningarviðtals hafi staðlaðir sjálfsmatskvarðar verið notaðir til að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurðar, kvíða og streitu ásamt svefnvanda. Brotaþoli hafi fyllt út þrjá staðlaða kvarða og hafi rannsóknir á kvörðunum sýnt góðan áreiðanleika og réttmæti á því sviði sem þeim sé ætlað að mæla.

Sjálfsmatskvarðinn PCL-5 sem sé hannaður til að meta upplifun á öllum 20 greiningareinkennum áfallastreituröskunar hafi verið lagður þrisvar fyrir brotaþola og hafi hún fengið einkunnir sem hér segir: „08. 11. 2009: Heildareinkunn 37. Uppfyllti 3 endurupplifunareinkenni (þarf 1 af 5), 1 forðunareinkenni (þarf 1 af 2), 5 einkenni tengd hugsun og líðan (þarf 2 af 7) og 4 ofurárveknieinkenni (þarf 2 af 6) (vísbending um að greiningarviðmið séu uppfyllt). 13. 12. 2019: Heildareinkunn 31. Uppfyllti 2 endurupplifunareinkenni (þarf 1 af 5), 0 forðunareinkenni (þarf 1 af 2), 4 einkenni tengd hugsun og líðan (þarf 2 af 7) og 4 ofurárveknieinkenni (þarf 2 af 6) (vísbending um að greiningarviðmið séu ekki uppfyllt). 21. 01. 2020: Heildareinkunn 16. Uppfyllti 2 endurupplifunareinkenni (þarf 1 af 5), 0 forðunareinkenni (þarf 1 af 2), 0 einkenni tengd hugsun og líðan (þarf 2 af 7) og 2 ofurárveknieinkenni (þarf 2 af 6) (vísbending um að greiningarviðmið séu ekki uppfyllt).“

Sjálfsmatskvarðinn DASS-21 sem sé hannaður til að meta alvarleika þunglyndis-, kvíða- og streitueinkenna í nýliðinni viku, hafi verið lagður þrisvar fyrir brotaþola og hafi hún hlotið einkunnir sem hér segir: „08. 11. 2019: Þunglyndi: 20 (vísbending um miðlungs einkenni). Kvíði: 20 (vísbending um mjög alvarleg einkenni). Streita: 24

(vísbending um miðlungs einkenni). 13. 12. 2019: Þunglyndi: 22 (vísbending um alvarleg einkenni). Kvíði: 10 (vísbending um miðlungs einkenni). Streita: 16 (vísbending um væg einkenni). 21. 01. 2020: Þunglyndi: 2 (vísbending um einkenni innan eðlilegra marka). Kvíði: 4 (vísbending um einkenni innan eðlilegra marka). Streita: 8 (vísbending um einkenni innan eðlilegra marka).“

Sjálfsmatskvarðinn ISI hafi verið lagður þrisvar fyrir brotþola en þar sé spurt um alvarleika svefnvanda og áhyggjur vegna hans, ánægju með svefnmynstur, truflanir á daglegum störfum og eftirtekt annarra á skertum lífsgæðum vegna svefnvanda. Hafi brotþoli fengið einkunnir sem hér segir: „8. 11. 2019: Heildareinkunn 18 (vísbending um miðlungs alvarlegan svefnvanda). 13. 12. 2019: Heildareinkunn 12 (vísbending um svefnvanda undir greiningarmörkum). 21. 01. 2020: Heildareinkunn 4 (vísbending um að svefnvandi sé ekki til staðar).“

Í vottorðinu segir í samantekt um meðferðarvinnu að endurmat á einkennum brotþola hafi verið gert samhliða viðtölum. „Á tímabilinu fóru áfallastreitueinkenni hennar minnkandi, ásamt því sem þunglyndis- kvíða- og streitueinkenni fóru lækkandi og svefnvandi minnkaði. Hún sýndi kjark í að takast á við forðunareinkenni sem hún sýndi og naut góðs af sterkum félagslegum stuðningi í kringum sig. Þar að auki var hún dugleg að leiðrétta neikvæð viðhorf og sjálfsásakandi hugsanir tengdar atburðinum. [...] Í síðasta viðtalinu var ljóst að [brotþoli] var á batavegi þar sem áfallastreitueinkenni hennar voru orðin væg og hún nýtti sér hjálpleg bjargráð til að takast á við þau einkenni sem eftir voru. Í samráði við [brotþola] var tekin ákvörðun [um] að ekki væri talin þörf á frekari viðtölum. Rannsóknir sýna að bati án formlegrar meðferðar getur átt sér stað fyrsta árið eftir áfall. Þó er mikilvægt að hafa í huga að algengt er að þolendur þurfi áfram í sínu daglega lífi að takast á við aðstæður sem minna á áfallið og minningar um það sem gerðist. Því er mikilvægt að þolandinn vinni stöðugt að því að styrkja eigin bjargráð og fái stuðning fagaðila við þá vinnu ef þörf er á.“ Í niðurlagi vottorðsins skráir sálfræðingurinn samantekt þar sem segir meðal annars: „Sálræn einkenni [brotþola] í kjölfar áfallsins samsvara einkennum sem eru þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða samsvöruðu vel frásögnum [brotþola] í viðtölum. Hún var trúverðug og samkvæm sjálfri sér. Eins og fram hefur komið voru áfallastreitueinkenni [brotþola] orðin væg í síðasta viðtalinu og hún nýtti sér hjálpleg bjargráð til að takast á við einkennin sem eftir voru. Ekki var talin þörf á frekari viðtölum þar sem [brotþoli] var í bata. Þó er ekki hægt

að segja til með vissu hver áhrif meints kynferðisbrots verða þegar til lengri tíma er litið, en [brotapoli] gæti þurft að takast áfram á við afleiðingar meints kynferðisbrots í daglegu lífi.“

Í málinu liggur vottorð G sálfræðings, dags. 28. febrúar 2021. Í vottorðinu segir meðal annars að ákærði hafi sótt stuðningsviðtöl frá því um mitt ár 2020. Við upphaf viðtala hafi komið fram að hann hefði réttarstöðu sakbornings. Í vottorðinu segir meðal annars: „Það sem hér er ritað er ekki afrakstur geðrannsóknar heldur fremur umfjöllun um tilfinningalega og andlega líðan [ákærða] frá þeim tíma sem kvörtunin kom fram og fram til dagsins í dag. [Ákærði] er hreinskíptur í samskiptum og vel áttaður. Tjáningargeta og samvinna hefur verið með ágætum. [Ákærði] hefur rætt um hversu alvarlegt áfall það var og er að vera sakaður um saknæmt athæfi. Hann segist saklaus af þessum ávirðingum. Óvissa um málalok hefur verið uppspretta streitu og kvíða sem rutt hefur öðrum og erfiðari tilfinningum braut. En vinnslutími málsins hefur dregist úr hófi fram og enn er ófyrirsjáanlegt hvenær niðurstöðu er að vænta í málinu. Líf [ákærða] er að verulegu leyti í biðstöðu. Að hafa réttarstöðu sakbornings í sakamáli hefur sett alvarlegt strik í reikninginn varðandi áræði og getu til ákvarðanatöku hvort sem er á sviði atvinnumála eða einkalífs. Enda væri óheillavænlegt fyrir hann ef aðrir yrðu þess áskynja að [hann] hefði stöðu sakbornings í kynferðisbrotamáli. Sjálfsmynd [ákærða] og ímynd út á við er háð framvindu málsins. Samlegðaráhrif þess sem að framan greinir kemur fram í viðvarandi kvíða, streitu og vanlíðan. Bið eftir málalokum er íþyngjandi fyrir andlega líðan [ákærða]. Áherslan í viðtölum hefur verið á uppbyggilegar leiðir við að takast á við kvíða og vanlíðan vegna málsins.“

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa farið með tveimur vinum sínum í bæinn að skemmta sér. Leiðin hefði legið á [...] og þar hefði hann fljótlega séð hávaxna konu gefa sér auga. Þau hefðu nálgast hvort annað, látið vel hvort að öðru, og farið „að kyssast, og svona.“ Konan, A, brotapoli, hefði verið með vinkonu sinni og þau talað saman eins og aðstæður og hávaði hefðu leyft. Eftir hálfu til eina klukkustund hefði brotapoli tekið í ákærða og dregið með sér út á pall. Hefði brotapoli sagst vilja hafa ákærða með sér. Hann hefði svarað að hann þyrfti að ræða við vini sína áður, en hann væri bílstjórinn í hópnum. Þegar hann hefði verið búinn að því hefðu ákærði, brotapoli og vinkona hennar farið af staðnum á bifreið

ákærða. Fyrst hefði vinkonunni verið ekið heim til sín í [...] og hefði hún á leiðinni oft spurt brotþola hvort henni liði vel, hvort hún vildi örugglega fara með ákærða og hvort allt væri í lagi með hana. Svipuðum spurningum hefði vinkonan beint til ákærða. Ákærði hefði tekið spurningunum „með húmor þá og kaldhæðni“ en eftir á að hyggja hefðu spurningarnar verið einhvers konar viðvörðun þess efnis að vinkonan treysti ekki brotþola „til að fara með ókunnugum manni heim.“ Þegar vinkonan hefði verið farin úr bifreiðinni hefði ákærði spurt hvort brotþoli vildi frekar að þau færu heim til hennar eða hans og hún svarað að [...] og hún vildi því fara heim til hans. Þangað hefðu þau farið. Þegar inn hefði verið komið hefði hvort farið úr skóm og jakka og brotþoli gengið með ákærða til stofu en fljótlega hefði brotþoli farið á snyrtingu. Þegar hún hefði komið til baka hefði hún tekið af sér skartgrip og lagt á borðstofuborðið „og fór fljótlega úr fötunum.“ Hefði hún verið fljót að því, hugsanlega verið í flík sem auðvelt væri að fara úr. Ákærði hefði farið úr sínum fötum og brotþoli spurt hvort þau ættu að fara inn í herbergi hans og hefði hún gengið þangað, „skrefinu á undan“ ákærða.

Ákærði sagði að rúm sitt væri stórt, [...], og þau hefðu staðið við vinstri hlið þess, séð frá inngangi, og ákærði hefði ýtt „blíðlega á hana, þannig að hún fer á rúmið, svo snýr hún sér inn á mitt rúm og ég geng fyrir hornið á rúminu og hún snýr þá á móti mér og liggur á bakinu, og ég legg hendurnar sitt hvoru megin á mjaðmirnar á nærbuxurnar og hún lyftir upp mjöðmunum og gerir mér kleift að draga nærbuxurnar af sér.“ Fljótlega eftir þetta hefði ákærði farið úr sínum. Eftir þetta hefði ákærði, með aðstoð brotþola, snúið henni á magann og kysst læri, bak og kálfa, „alveg án alls ofbeldis“. Eftir þetta hefðu þau hafið samfarir og þá verið fyrir miðju rúmi. Fljótlega hefði brotþoli veitt ákærða munngælur og þau þá verið við „fjærendann, löngu hliðina, á móti innganginum, og hún liggur á bakinu og hleypir mér að sér og ég stend við bríkina og fer þannig inn í hana. Síðan snýr hún sér sjálf á fjóra fætur og sagði eitthvað til að leiðbeina mér, svo ég kæmist vel að henni, og svo förum við aftur inn á mitt rúmið og þá átta ég mig og tek skref frá henni og spyr hvort hún sé á getnaðarvörnum“ og hún hefði játað því. Þau hefðu þá haldið áfram. Ákærði hefði sett tvo fingur í leggöng hennar og horft í augu hennar, allt hefði verið í lagi með hana og ekkert ofbeldi af sinni hálfu. Svo hefðu þau farið „út á hinn endann, sem er nær hurðinni, og gerum aftur eins og hinu megin, hún liggur á bakinu og hleypir mér að sér, svo snýr hún sér sjálf á fjóra fætur og hleypir mér að sér aftan frá, svo stundum við kynlíf aftur fyrir miðju rúmi og svo lýkur okkar samförum.“ Eftir samfarirnar hafði ákærði setið í rúminu, upp við vegg, og brotþoli sagt „vá, hvar

hefur þú eiginlega verið?'. Ákærði hefði verið „feginn að hún var að hrósa“ sér. Hann hefði sagt eitthvað á þá leið að sér þætti hún hafa falleg augu og hún hefði komið og sest við hlið hans. Brotapoli hefði sagt að [...] klukkan ellefu daginn eftir og hún þyrfti að vera komin áður. Ákærði hefði spurt brotapola, í ljósi þess hversu vinkona hennar hefði dregið úr henni, hvernig brotapoli hefði vitað að sér myndi líða vel með ákærða. Brotapoli hefði svarað: „Ætli maður finni ekki bara svona á sér?“. Eftir þetta hefði brotapoli tekið síma sinn og stillt þar vekjaraklukkuna á níu eða rétt rúmlega það. Hefði ákærði þá hugsað með sér að þau hefðu rúmlega tvær klukkustundir til svefns. Þau hefðu sofnað og sofið hlið við hlið. Þau hefðu svo vaknað við vekjaraklukkuna um níuleytið, klætt sig og farið út. Ákærði hefði svo ekið brotapola heim, annað hvort eftir að hafa boðist til þess eða, sem hann teldi líklegra, að hún hafi beðið sig um það. Brotapoli hefði vísað sér leiðina og verið yfirveguð allan tímann. Þau hefðu kvaðst eðlilega fyrir utan heimili brotapola. Ákærði hefði þakkað henni ánægjulega samveru og hún gert það sama. Brotapoli hefði aldrei gefið til kynna að henni hefði mislíkað nokkuð í samskiptum þeirra.

Ákærði sagði að á meðan samförunum hefði staðið hefði ekkert bent til að brotapoli væri þeim mótfallin. Hún hefði verið „áhugasöm og þar voru þannig hljóð í henni og augnsamband og hún færði sig sjálf og hún var með mér“. Hún hefði aldrei beðið sig um að hætta eða láta eitthvað ógert. Hún hefði hvorki í orði né verki lýst nokkurri andstöðu við það sem ákærði gerði. Ákærði hefði alls ekki skynjað að brotapoli væri hrædd. Hann kvaðst alltaf hafa „virt mörk og verið nærgætinn ef eitthvað hefur verið“.

Ákærði sagði að í framhaldinu eftir nóttina hefði hann ekki leitt hugann að brotapola, en ýmislegt hefði gerst í lífi hans á þessum tíma, þar á meðal [...]. Einnig hefði [...] um svipað leyt. Ákærða hefði þótt brotapoli geðfelld en hugur hans þarna leitað annað. Um sumarið hefði lögregla haft símasamband við sig og hefði hann þá í fyrstu ekki munað eftir brotapola en svo hefðu samskipti þeirra rifjast upp. Lægi í hlutarins eðli að auðveldara hefði verið fyrir sig að rifja atburðarásina upp ef hann hefði verið yfirheyrður fyrr. Ákærði sagðist hafa orðið fyrir algjöru áfalli vegna málsins og í framhaldinu leitað sér neyðaraðstoðar sálfræðings sem hefði hjálpað sér. Eftir að hafa fengið þá hjálp hefði ákærði getað leitað á heilsugæslu og þar fengið kvíðastillandi lyf til að geta sofið. Í framhaldi af því hefði hann farið í skýrslutöku hjá lögreglu og þar verið „hálfhissa á öllu saman“. Málið hefði haft gríðarleg áhrif á sig og hann dregið sig í hlé og vart getað hugsað sér að vera á meðal fólks. Málið væri svo alvarlegt. Sér hefði liðið hræðilega

Þegar hann hefði fengið að sjá sakargiftir, hann hefði „aldrei séð annað eins“. Þær væru „alveg úr öllum takti við veruleikann“. Eftir það hefði hann þurft frekari sálfræðiaðstoð. Lengi á eftir hefði ákærði ekki treyst sér til að sofa einn. Eftir þetta hefði hann ekki treyst sér til vera einn með fólki, hann vissi ekki hverjum hann gæti treyst. Væri kraftaverk hvað hann hefði þó getað gert. Hann hefði aldrei framið ofbeldisbrot og legði sig jafnan fram um „að gera fólki gott og vera uppbyggilegur“.

Ákærði sagðist aldrei hafa haft áhuga á að meiða neinn eða auðmýkja á nokkurn hátt. Hann hefði talið að allt hefði gengið vel hjá þeim brotapolu, hún „fylgdi mér, hún tók við mér, hún sýndi vellíðan í hljóðum og með snertingu og orðum, og þetta kom mér algjörlega á óvart.“

Ákærði sagði aðspurður að brotapolu hefði veitt samþykki sitt til kynmaka. Það hefði hún gert „í aðdragandanum, með því að hún vildi fá mig með sér“, en ákærði hefði á leiðinni sérstaklega spurt hana „út af því að vinkonan var eins og hún var“. Það hafi verið brotapolu „sem sagði ‚eigum við að koma inn í svefnherbergið þitt‘, hún klæddi sig úr sjálf, hún gerði mér kleift að klæða sig úr nærbuxunum, og hún tók þátt með mér, hún færði sig sjálf eins og þegar hún sneri sér á fjóra fætur til að hjálpa mér að komast að sér, og útskýrði eitthvað“. Að sínu mati væri „ekki hægt að fá mikið gleggra samþykki.“

Aðspurður neitaði ákærði að hann hefði hrint brotapolu á rúmið, hann hefði ýtt henni „blíðlega“ á rúmið. Hann hefði aldrei haldið brotapolu fastri og aldrei rifið í hár hennar. Hann hefði hvorki troðið hönd í munn brotapolu né haldið fyrir nef hennar eða munn. Hann hefði hvorki slegið brotapolu né bitið.

Ákærði sagðist ekki hafa séð brotapolu fyrir þetta kvöld. Spurður um ástand hennar sagði hann að brotapolu hefði komið fyrir sjónir eins og hún hefði „drukkið eitthvað“ en verið skýr og yfirveguð allan tímann, „og í rauninni bara ánægð“. Þau hefðu ekki drukkið áfengi á heimili ákærða. Sjálfur hefði ákærði verið allsgáður.

Spurður um lýsingu í svefnherberginu sagðist ákærði telja ólíklegt að þar hefði verið fulllýst. Líkast til hefði verið ljós frammi á ganginum og hugsanlega kveikt á lampa í herberginu. Ákærði sagðist ekki hafa séð áverka á brotapolu. Hann hefði enga áverka veitt henni og ekki leitað að áverkum á henni og gæti „ekkert sagt til um það.“

Ákærði sagðist telja að kynmökun hefðu staðið í um 30 til 45 mínútur. Rúmið væri töluvert stórt og þau hefðu hreyft sig töluvert í því. Hann kvaðst ekki hafa fengið sáðlát.

Spurður hvort þau hefðu skipst á persónuupplýsingum sagðist ákærði telja að brotþoli hefði á skemmtistaðnum „gert eitthvað hvað varðar facebook“. Þau hefðu ekki skipst á símanúmerum.

Ákærði sagði að sig undraði stórlega þær sakir sem brotþoli hefði borið á sig og tækju þær sig þungt. Hann sagðist engar skýringar hafa á þeim og gæti ekki verið með neinar getgátur þar um. Áverkar á brotþola, sem greindir væru í gögnum frá Neyðarmóttöku, væru ekki af sínum völdum.

A brotþoli sagðist hafa farið með vinkonu sinni, B, á [...] og þar hitt ákærða og vini hans. Brotþoli og ákærði hefðu sést á dansgólfinu og farið „eitthvað að kyssast og spjalla og skiptast á contact-upplýsingum“. Brotþoli sagðist aldrei hafa séð ákærða áður, hann hefði verið „mjög kurteis og indæll“. Ákærði hefði verið „mjög myndarlegur“. Þau hefðu svo farið saman út og „ákváðum þar að okkur langaði að fara heim saman“. Ákærði hefði viljað vera „viss um að það væri í lagi og fór og lét vini sína vita“. Eftir það hefðu ákærði, brotþoli og B farið af staðnum. Þau hefðu fyrst ekið B heim. Þær B vildu „yfirleitt vera vissar um að það sé allt í lagi, þegar eitthvað svona er, og okkur fannst hann bara vera ótrúlega bara almennilegur og kurteis og höfðum einhvern veginn engar áhyggjur af þessu.“ Í bifreiðinni hefði B spurt hvort brotþoli vildi fara með honum heim. „Hún vildi vera viss og hann vildi vera viss.“ Eftir að hafa ekið B heim hefðu þau ákærði farið heim til hans. Brotþoli sagðist ekki muna nákvæmlega hvernig það hefði verið ákveðið, en ákærði hefði viljað fara þangað. Ákærði hefði, annað hvort fyrir eða eftir að B hefði farið úr bifreiðinni, spurt „hvernig ertu svona viss um þetta?“. Í íbúð ákærða hefði brotþoli tekið af sér tösku og jakka „og síðan förum við bara eitthvað að kyssast og svona“. Nánar spurð sagðist hún hafa lagt tösku frá sér á borð en ekki muna hvort hún hefði verið í jakka. Ákærði hefði gripið mjög fast utan um mjaðmir brotþola og henni hefði brugðið svolítið en ekki velt því frekar fyrir sér. Síðan hefðu þau farið inn í svefnherbergi ákærða og þar klætt sig „sjálf úr fötunum“. Aðspurð sagðist hún ekki muna hvort hún hefði farið sjálf úr nærbuxum sínum eða hvort ákærði hefði klætt hana úr þeim. Brotþoli sagði að sér hefði fundist „einhvern veginn fasið á honum breytast þarna“, ákærði hefði orðið „agressívari“, og þegar þau hefðu verið farin úr fötunum hefði hann ýtt á bringu brotþola þannig að hún hefði dottið í rúmið. „Og við byrjum eitthvað kynlíf, og ég var alveg samþykkt því að stunda kynlíf með honum, [...] á þessum tímapunkti sem sagt var ég, við vorum alveg í sömu hugleiðingum þarna, en svo einhvern veginn snýr hann mér ótrúlega

harkalega við og byrjar að slá mig alla og það var eitthvað sem ég var ekki til í. Og einhvern veginn fattaði ég þar að ég væri mögulega komin í einhverjar aðstæður sem ég réði ekki við.“ Brotapoli var nánar spurð hvort hún hefði verið samþykkt kynlífi í upphafi samræðis og svaraði: „Í upphafi [...] þá ýtir hann í bringuna á mér og ég dett í rúmið. [...] Þarna var ég alveg ennþá að gefa því séns að [...] hann væri kannski bara svolítið harkalegur. Þannig að á þessum tímamarki var ég alveg samþykkt þessu enn þá, en um leið og hann snýr mér við þá finn ég bara og veit að ég er komin í aðstæður sem ég ræð ekkert við.“ Enn nánar spurð svaraði brotapolí: „Ég var samþykkt að fara þarna heim og ég var til í að sofa hjá honum í upphafi, en allt sem gerðist þarna inni í herberginu hans var ekki með mínu samþykki.“ Sérstaklega spurð hvort hún hefði enn verið samþykkt mökum á þeirri stundu er kynfæri ákærða hefðu fyrst farið í kynfæri hennar svaraði brotapolí: „Ég man ekki nákvæmlega hvenær það fyrst gerist“. Aðspurð sagðist hún ekki hafa hjálpað ákærða þegar hann hefði snúið henni við. Það hefði alfarið verið hans verk.

Brotapoli sagði að í atburðarásinni hefði ákærði verið „alltaf að slá“ hana, klípa í hana eða bíta. Hann hefði meðal annars bitið mjög fast í kálfa brotápola og það verið „mjög vont“. Hefði hún borið mar á kálfanum eftir bitið í marga mánuði. Brotapola hefði fundist „þetta bara breytast úr því að eiga að vera eitthvað kynlíf yfir í bara ofbeldi og hann er miklu stærri en ég og sterkari þannig að mér fannst ég vera bara komin í einhverjar hættulegar aðstæður og vissi ekkert hvernig ég átti að bregðast við.“ Brotapoli sagðist eiga erfitt með að muna atburðarásina nákvæmlega, hvenær og í hvaða röð einstök atriði hefðu orðið. Brotapoli sagði að ákærði hefði haldið sér „rosa oft“ svo hún hefði ekki getað „stjórnað því sjálf hvernig ég var eða fært mig til“. Kvaðst hún sérstaklega muna eftir einu tilviki, „þá hélt hann bæði í, eins og fætturnar og hendurnar, og ég var í einhverjum svona kuðungi, ég hefði aldrei getað fært mig neitt eða gert neitt, þó að ég hefði reynt það.“ Á þeim tíma hefði ákærði troðið „hendinni á sér upp í mig, alveg bara ofan í kok, sem mér fannst ógeðslegt, og setur síðan hendina á sér svona fyrir munninn á mér, og hann er náttúrulega bara inni í mér allan tímann og mjög harkalegur og mér var bara orðið illt í líkamanum [...] og ég var hrædd.“ Nánar spurð sagði hún að sér hefði verið illt „alls staðar“. Sér hefði verið „haldið í keng“, sér hefði verið illt í höndum og fótum, „það var alltaf verið að toga í hárið á mér þannig að mér var illt í höfðinu, [...] og það var verið að slá mig og bíta mig og klípa mig, þannig að mér var bara illt alls staðar.“ Þá sagði hún að sér hefði verið „illt í móðurlífinu“. Brotapoli sagðist muna eftir svip á ákærða, sem sér hefði þótt mjög ógnvekjandi. Ákærði hefði fært hendina svona „nær og

nær nefinu svo ég næ á endanum ekki að anda sjálf nema [...] halla hausnum aftur. Og þá svona strýkur hann mér um kinnina og segir ‚hver er dugleg stelpa?‘ Mér fannst það ógeðslegt.“ Ákærði hefði iðulega viljað að hún horfði í augun á sér og hefði sagt ‚það voru augun sem ég vildi.‘ Ákærði hefði margoft endurtekið orðin ‚hver er dugleg stelpa?‘, ‚hver ertu?‘ og ‚horfðu í augun á mér‘. Þá hefði hann ítrekað sagt ‚þú vilt þetta‘ og ‚þér finnst þetta gott‘.

Brotapoli var nánar spurð hvernig ákærði hefði haldið henni niðri. Hún sagði að hann hefði ‚til dæmis“ haldið ‚í hendurnar“ á henni. Benti hún á innanverða framhandleggi til skýringar. Brotapoli sagði að stundum þegar ákærði hefði haft hönd í munn hennar hefði það verið ‚eins og hann væri bara að styðja sig við“.

Brotapoli var nánar spurð um hártog. Hún sagði að ákærði hefði tekið oft í hár hennar og það hefði verið mjög óþægilegt. Spurð um áverka eftir hártogið sagði hún að sér hefði verið illt í hnakkanum. Hún sagði aðspurð að ákærði hefði oft sett hönd í munn hennar. Spurð um áverka sagðist hún hafa verið marin á vör en ekki vita hvort það væri eftir þetta.

Brotapoli sagði að það hefði verið mjög snemma í atburðarásinni ‚sem það breyttist [úr] því að ég og hann værum þarna að fara að gera eitthvað saman yfir í að ég var bara leikmunur, [...] það var bara verið að gera eitthvað við mig, ekki með mér, heldur við mig. Og ég réði ekki hvað var verið að gera við mig.“ Brotapoli sagðist oft hafa hugsað um hvers vegna hún hefði ekki brugðist ‚einhvern veginn öðruvísi við, af hverju sagðir þú ekki ‚nei‘, af hverju sparkaðir þú ekki, af hverju fórstu ekki burtu, af hverju gerðir þú ekki eitthvað, en málið er bara [...] ég fattaði það þarna að maður getur ekki ákveðið hvernig maður bregst við í svona aðstæðum fyrir fram, og ég var bara mjög hrædd, [...] hann var miklu stærri og sterkari en ég og mér fannst þessi svipur í augunum á honum, [...] hann glotti einhvern veginn alltaf þegar hann meiddi mig, meira að segja spurði einu sinni hvort ég væri hársár og ég sagði ‚já‘ og þá reif hann ótrúlega fast í hárið á mér. Þetta var einhvern veginn allan tímann stöðugt svona, [...] þegar hann var inni í mér eða eitthvað þá var hann yfirleitt annað hvort að klípa mig eða slá mig eða bíta mig eða rífa í hárið á mér eða segja eitthvað svona við mig eins og ‚hver er dugleg stelpa?‘.“

Brotapoli sagði að sig minnti að hún hefði veitt ákærða munnmök, en kvaðst þó ekki vera viss. Hún sagðist ekki muna hvort ákærði hefði haft munnmök við sig.

Brotapoli sagði að þegar atburðarásin hefði verið búin að standa ‚mjög lengi“ hefði hún verið orðin þreytt og illt og fundist ‚þetta vera endalaust í gangi, þannig að þá ákvað

ég að fara að reyna að gera eitthvað til þess að þetta myndi klárast, og ætlaði að fara bara að taka þátt, [...]. Ég tók alveg þátt í upphafi en svo hætti ég að taka þátt af því að þetta var ekki kynlíf, þetta var bara ofbeldi og ég var [...] bara í hættulegum aðstæðum.“ Í lokin, þegar brotápoli hefði farið „að taka þátt til að reyna að flýta fyrir þessu, [...] þá verður hann bara svona pirraður og hætti bara fljótlega eftir það og fer fram og ég einhvern veginn er bara eftir þarna inni. Svo kemur hann aftur inn og einhvern veginn togar svona í lappirnar á mér alveg á endanum á rúminu og bara treður [þremur eða fjórum fingrum] inn í klofið á mér [...] og þjösnað bara á mér og í svolítið langan tíma og það var mjög vont. Og svo fer hann bara fram aftur og skilur mig eftir þar inni í herberginu.“ Ákærði hefði svo komið aftur inn í herbergið, lagst upp í rúmið og ofan á bringu brotáþola og sagst ætla að liggja þar „og hlusta á hjarta þitt, það róar mig niður“. Í framhaldinu hefði ákærði sofnað og brotápoli þá fært sig í rúminu. Hún hefði legið áfram, „hálfrosin einhvern veginn“ og ekki vitað hvað hún átti að gera. Hún hefði ekki þorað fram til að sækja síma sinn eða fara á snyrtingu. Brotápoli hefði ekkert sofnað. Þegar ákærði hefði vaknað hefði hann viljað byrja aftur en brotápoli, sem þá hefði verið „öll aum“ og „illt“, hefði klemmt fæturna saman og ýtt sér frá ákærða. Ákærði orðið „mjög pirraður“ og sagt „maður þarf bara smá kynlíf“, og eftir það farið fram. Brotápoli hefði þá ætlað að biðja vinkonu sína að ná í sig en ákærði hefði þá sagt að hann ætlaði að aka brotáþola heim. Hefði hann svo gert það. Þau hefðu ekki rætt um að hittast aftur og ekki skipst á persónuupplýsingum að öðru leyti en því að í upphafi kvöldsins hefði hvort „addað“ hinu „á facebook“. Hún sagðist telja að ákærði hefði kvatt sig með orðunum „gaman að hitta þig“. Hún sagðist ekki muna hvernig hún hefði svarað en aðspurð sagði hún að vel gæti verið að hún hefði sagt „sömuleiðis“.

Brotápoli var nánar spurð um þau orð sín, að hún hefði verið samþykkt kynlífi með ákærða. Hún sagði að ekki hefði verið sérstakt „munnlegt samþykki“, en „þetta var svona eins og þegar fólk fer saman heim og er að sýna hvort öðru athygli, og [...] ég klæddi mig sjálf úr fötunum sem væntanlega gefur til kynna að þetta sé allt í lagi.“ Hún hefði verið „tilbúin að stunda venjulegt kynlíf já, en ég fór ekki þarna inn til þess að láta einhvern gera það sem hann vildi við mig, eða beita mig ofbeldi.“ Spurð hvort samræði hefði einhvern tíma í atburðarásinni farið fram með hennar samþykki sagði brotápoli að þegar þau hefðu verið „komin inn, þá er hann bara búinn að taka völdin þannig að tæknilega séð er þetta ekki með samþykki ef það er bara búin að snúa mér við og gera það sem á að gera.“

Brotapoli sagði að þegar þau hefðu verið í rúminu hefði ákærði haldið henni og hún ekki haft möguleika á að komast burt. Hún kvaðst ekki hafa þorað að segja honum að hún vildi ekki kynmök. Hún hefði verið mjög hrædd. Brotapoli sagði ákærða hafa séð að hún vildi þetta ekki. Aðspurð sagðist hún ekki hafa beðið ákærða um að hætta. Hún hefði ekki reynt að sparka í hann en hefði stundum reynt „að ýta mér svona frá.“ Hún hefði ekki ýtt í ákærða.

Brotapoli sagði að ákærði hefði ekki haft sáðlát.

Brotapoli var spurð hvort hægt hefði verið að misskilja hljóð sem hún hefði gefið frá sér á meðan á atburðarásinni hefði staðið, og svaraði: „Eflaust hægt að misskilja það, já.“ Hún sagðist, nánar spurð, geta „kannski ekki munað hvaða hljóð ég gaf frá mér, en [...] þegar þú meiðir þig, þá kemur hljóð, og [...] þegar þú ert að, eins og þarna í restina, þá ég man ekki einu sinni hvort ég gaf frá mér einhver hljóð þá, eða ekki.“ Aðspurð sagðist hún hafa gefið frá sér einhverjar sársaukastunur. Hún kvaðst ekki geta útilokað að ákærði hefði misskilið þær, hún gæti „ekki vitað hvernig hann hugsar“.

Aðspurð kvaðst brotapolí ekki hafa spurt ákærða hvar hann hefði verið. Spurð hvort hún hefði látið einhver jákvæð orð falla í hans garð sagðist brotapolí muna að hún hefði sagt ákærða undir lok atburðarásarinnar að hann væri fallegur. Hún bætti því við að það væri „engin lygi“, hann væri „mjög myndarlegur og allt það“, en þarna hefði hún verið „að reyna að gera eitthvað til þess að þetta myndi klárast“.

Borinn var undir brotápola texti úr bótakröfu sem sett hefur verið fram í málinu af hennar hálfu, svohljóðandi: „Þegar [á heimili ákærða] er komið afklæðast þau bæði og byrja að stunda kynlíf en fljótlega fer kærði út fyrir öll hefðbundin mörk og beitir brotapolí grófu ofbeldi á meðan hann hefur við hana samræði.“ Brotapoli var spurð hvort hún teldi þetta rétta lýsingu og svaraði hún: „Já, ég mundi segja það, en [...] ég set samt alveg spurningamerki við það, að hérna, byrja að stunda kynlíf, en jú“. Brotapoli sagðist ekki hafa lesið bótakröfuna yfir áður en henni hefði verið skilað inn.

Brotapoli var spurður um það sem eftir ákærða er haft í lögregluskýrslu að þau hefðu verið í mikilli vellíðan og augnsamband milli þeirra. Brotapoli sagðist ekki hafa verið í nokkurri vellíðan og „ekki mikið augnsamband, nema hann var stöðugt að biðja mig um að horfa í augun á sér, af því að hann hefði viljað augun mín“. Brotapoli sagði aðspurð að rétt væri að hún hefði viljað fara snemma heim því hún hefði átt von á [...].

Brotapoli sagðist telja að atburðarásin, frá því þau hefðu komið heim til ákærða og þar til hann hefði sofnað, hefði varað í um þrjár klukkustundir.

Brotapoli sagðist hafa verið undir léttum áfengisáhrifum. Ákærði hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Spurð hvort hún teldi hann hafa verið undir öðrum áhrifum sagði brotapolí að fyrst hefði hún ekki haldið það, en kvaðst muna að hann hefði farið „tvisvar fram, þegar við vorum þarna inni“. Brotapoli og B hefðu í upphafi kvölds fengið sér bjór heima hjá brotapolá en kvaðst ekki muna hve mikið hún hefði drukkið þar. Á skemmtistaðnum hefði hún keypt sér eitt eða tvö „skot“ og einn bjór.

Brotapoli sagðist ekkert hafa talað við B á sunnudeginum. Hún hefði hins vegar sent henni skilaboð, „því hún var alltaf að tékka á mér, hvort það væri allt í lagi með mig. Bæði þá vildi ég átta mig á því hvað hefði gerst, áður en ég talaði við hana, og líka bara hlífa henni, af því að hún var að tékka á mér og [...] ég geri mér grein fyrir að þetta er aldrei henni að kenna en í augnablikinu þá vildi ég ekki að henni liði eins og hún hefði sent mig heim með einhverjum og þetta hefði gerst.“

Brotapoli sagðist, nánar spurð, hafa svarað skilaboðum B en ekki muna nákvæmlega hvenær. B hefði spurt hvort brotapolí væri örugg og brotapolí svarað: „Ha ha ha já ég er örugg.“ Ástæða þess hefði verið „í fyrsta lagi vildi ég bara hlífa henni og ég var líka bara að átta mig á því hvað hefði gerst.“ B hefði sent skilaboð um nóttina, enda hefði brotapolí beðið hana um „að tékka á“ sér, og um morguninn hefði brotapolí svarað, annað hvort heima hjá ákærða eða í bifreiðinni á leiðinni heim.

Brotapoli sagði að þegar hún hefði verið komin heim á sunnudeginum hefði hún verið „rosalega tóm“. Hún hefði verið „alveg smá stund að átta mig, og eiginlega bara svona var eins og ég væri að reyna að sannfæra mig um að þetta hefði ekki verið svona, [...] ég vildi ekki alveg samþykkja það að þetta hefði verið svona, já, nauðgun eins og maður segir bara.“ [...]

Spurð hvort hún hefði rætt málið við einhvern á sunnudeginum sagðist brotapolí hafa að lokum hringt í vinkonu sína, H, og beðið um að fá að segja henni hvað gerst hefði, „til þess að hjálpa mér bara að átta mig, [...] hvort hún gæti hjálpað mér að skilja hvað hefði gerst“. Brotapolí hefði lýst atburðarásinni fyrir H og áverkum sínum, þar á meðal að hún hefði verið „marin á vörinni og innan í vörinni. Og einhvern veginn, þegar ég horfði í spegilinn þá kom svona: „það er ekki eðlilegt að líta svona út, eftir svona kvöld. Það er ekki allt í lagi“. Brotapolí hefði verið mar á brjóstum og höndum. Þessu hefði hún lýst fyrir H. Brotapolí hefði sagt að hún hefði „verið að hugsa um að hringja í Neyðarmóttökuna“. H hefði sagt við sig að þarna væri um „misnotkun“ að ræða. Brotapolí sagðist hafa hringt á Neyðarmóttökuna og kvaðst telja að það hefði verið á

sunnudeginum. Sér hefði verið sagt að koma á mánudaginn. Það hefði hún gert. Hún hefði svo farið aftur á Neyðarmóttökuna og það verið vegna þess að henni hefði verið „svo illt í brjóstunum“. Hún hefði verið mjög marin þar og farið í ómskoðun [...].

Brotapoli var spurð um líðan sína í framhaldi af atvikinu. Hún sagðist fyrst hafa verið „tóm“ en „brotnaði“ svolítið við að fara á Neyðarmóttöku og var þá „að átta mig á því hvað gerðist“. Henni hefði liðið illa, verið vör um sig og sofð illa. Ákærði hefði vitað hvar hún ætti heima og hefði það aukið á óöryggi hennar. Að lokum hefði hún ákveðið að flytja. Í dag liði sér hins vegar „ágætlega“.

Brotapoli sagði að hún hefði gengið til sálfræðings fyrir þetta atvik. Hún hefði þá verið í endurhæfingu vegna [...]. Brotapoli sagðist aðspurð hafa lent í ýmsum áföllum á lífsleiðinni, [...]. Hún hefði hins vegar verið búin að vinna vel úr þessum áföllum. Meginástæða endurhæfingar hennar hefði verið mikið álag sem hún hefði verið undir af öðrum ástæðum. Brotapoli sagðist hafa verið greind með [...].

Vitnið C læknir á Neyðarmóttöku sagðist muna eftir málinu. Það sem sér væri minnistæðast væri „tegund áverkanna“ og „hvernig hún lýsti því“. Brotapoli hefði lýst „því hvernig var klipid með fingurgómum og hún lýsti líka hvernig var tekið um vitin“. Vitnið sagði að oft væru mörg mál keimlík en svo væru „eitt og eitt atriði sem kannski stendur upp úr sem maður man og tengir við“. Vitnið sagði að brotapolí hefði sýnt „svona grip“, og til skýringar lyfti vitnið hönd og setti saman þumalfingur og vísifingur. Vitnið sagði að þetta hefði verið „um allan kropp“. Vitnið kvaðst sérstaklega muna eftir að brotapolí hefði nefnt „iljar eða fætur eða eitthvað svæði sem manni fannst óvenjulegt“. Brotapoli hefði sagst hafa verið klipin um allan líkama. Vitnið var spurt hvort grípa þyrfti fast til að valda marblettum á handleggjum, eins og komið hefðu í ljós í skoðuninni. Vitnið sagði að það væri „mjög mismunandi, þetta er í rauninni bara lögmál um orku, bæði tími, þrýstingur og svo fer það eftir undirlaginu.“ Sem dæmi væri alkunna að oft kæmi stór áberandi marblettur á hné og kúla á enni en svo gæti maður dottið á sitjandann og ekki sæjust ummerki fyrr en degi síðar eða jafnvel ekki. Ef lengi væri haldið væru áverkar líklegri.

Vitnið sagðist staðfesta skráða frásögn brotapola fyrir sitt leyti. Brotapoli hefði lesið frásögnina yfir.

Vitnið sagðist telja áverka brotapola samrýmast frásögn hennar. Vitnið sagðist taka fram „í hverjum lið fyrir sig, getur verið eftir þetta, getur verið eftir hitt, og það var

þannig að það eru til dæmis merki sem voru grunsamleg fyrir að vera bitför og það kom heim og saman við söguna sem hún gaf, hún var með eymsli á hnakkanum og hún tengdi það við þegar hún var með hnakkann við vegg“. Vitnið sagðist hafa staðreynt eymslin á hnakkanum. Gætu þau komið heim og saman við að höfuð hefði farið í vegg. Nánar spurt um áverka og frásögn brotþola sagði vitnið: „Mér finnst þetta bara alveg vera í samræmi við það sem hún sagði. Það var, já, bitið, klipið, það var slegið upp úr og niður úr.“ Áverkar brotþola hefðu að mati vitnisins verið „frekar miklir, frekar útbreiddir, óvenju útbreiddir“.

Vitnið sagði að brotþoli hefði sagt að haldið hefði verið fyrir vit hennar svo hún hafi ekki náð andanum. Ekki hefðu hins vegar verið sjáanlegir áverkar eftir slíkt. Vitnið sagðist muna „af því að við spurðum sérstaklega ‚og gastu ekki andað?‘ og þá lýsti hún sérstaklega hvernig [...] höndin var sett þannig að hún líka teppti nasirnar.“

Vitnið sagði aðspurt að ekki þyrfti endilega að koma áverki af því er hönd væri sett í munn, og jafnvel þótt farið væri djúpt. Færi það eftir „hvernig það er gert og hvort neglurnar rekast í eða ekki og svo framvegis, hversu margir fingur eru settir inn og svo framvegis.“ Vitnið var í framhaldi af þessu spurt um það sem eftir brotþola er haft í skýrslu þess, þess efnis að ákærði hafi troðið hendi endurtekið í munn hennar, og hvort búast mætti við að slík háttsemi skildi eftir sig áverka. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið með mar á vör en ekki áverka í munnholi. Vitnið sagði að í skýrslunni segði að hendi hefði verið sett í munninn, og það hefði verið „skrifað upp eftir henni og ég spurði ekkert sérstaklega meira út í þetta því það voru mjög margir aðrir áverkar að skoða“. Spurt hvort það gæti lagt faglegt mat á hvort líklegt væri að hönd hefði verið sett í munn brotþola sagði vitnið að munnhol og gómbogar hefðu verið skoðuð en ekki komið í ljós áverkar. Munnur og kinnar væru nokkuð vel teygjanleg.

Vitnið sagði aðspurt að líkur væru á að mar væri komið fram, svo sem á framhandleggjum og brjóstum, á þeim tíma sem liðinn væri frá ætluðu atviki og fram að skoðun.

Vitnið kvaðst staðfesta skráningu sína um ‚tilfinningalegt ástand“ brotþola. Vitnið sagði að hér væri um mikið mat að ræða, byggt á reynslu, „þannig að þetta er yfirleitt eitthvað sem okkur finnst vera það sem er helsta sem skiptir máli“. Væri skráningin gerð samkvæmt mati læknisins á brotþola en ekki væri spurt um hvern og einn lið.

Vitnið sagði aðspurt að sá liður skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun sem snerist um frásögn sjúklings, þannig að læknir merkir við ýmsar lýsingar tengda kynferðislegri

háttsemi ætlaðs geranda, væri að jafnaði borinn undir brotaþola eftir skráningu. Hefði það væntanlega einnig verið gert hér.

Vitnið var spurt hvort hár brotaþola hefði verið greitt og leitað lausra hára og hármíssis. Vitnið sagði að ekki hefði verið tekið hársýni og væri það sjaldan gert núorðið. Þó gert væri ráð fyrir slíku á því gátlistablaði sem notað væri á Neyðarmóttöku væri þetta oft ekki gert. Væri hér oft samráð við brotaþola. „Þegar hún kom til okkar þá margendurtók hún það samkvæmt sögunum sem ég skrifa, að hún hafi ekki ætlað að kæra og þá er þetta stundum niðurstaðan, að þetta er ekki gert, þetta þykir frekar sárt, að greiða hárið sem er stundum allt í flækju og eins að rífa úr hár til samanburðar því við þurfum þá að taka samanburðarsýni og þau eru rifin úr, ekki klippt“.

Vitnið sagðist aðspurt ekki hafa tekið eftir lausum hárum eða hármíssi, en bætti við að þar skipti máli „að hún var búin að fara í bað“. Það hefði líka haft þau áhrif að ekki hafi verið „teknir dna-pinnar frá stöðum sem sennilega við hefðum tekið frá ef hún hefði komið strax eftir atburðinn.“ Það, að brotaþoli hefði verið búin að fara í bað, hefði „alveg klárlega“ haft áhrif á gagnaöflunina.

Vitnið sagði aðspurt að brotaþoli hefði verið andlega og líkamlega miður sín við skoðunina.

Vitnið var spurt um þau orð í skýrslu um kvenskoðun að vagina væri eðlileg en grunsamlegar bólgubreytingar væru í leghálsi. Vitnið sagði að oft sæjust merki um bólgubreytingar í leghálsi, en hann væri viðkvæmur. Þá hefði verið slímkennd útferð á sama stað og væri þetta langoftast vegna bakteríu og „þannig séð málinu óviðkomandi“.

Vitnið sagði að brotaþolar fengju að jafnaði skoðun samdægurs. Ef brotaþoli hefði haft samband á sunnudeginum mætti ætla að hún hefði fengið skoðun þann dag.

Vitnið staðfesti skýrslu sína um réttarlæknisfræðilega skoðun.

Vitnið D hjúkrunarfræðingur kvaðst hafa unnið á Neyðarmóttökunni í níu ár. Vitnið kvaðst muna „mjög vel eftir þessu máli, af því að hún [...] lýsti bara mjög hrottafenginni atburðarás. Hún hafði farið þarna út um kvöldið með vinkonu sinni [...] og þar hittir hún mann og þau byrja að spjalla, hann var bara viðkunnanlegur og hann býðst til að skutla þeim heim og skutlar vinkonunni fyrst heim [...] og þau fara heim til hans. Og þegar inn er komið, hún lýsti því fyrir okkur svona íbúðinni hans og [...] þau fara inn í svefnherbergi og svo lýsir hún bara atburðarás þar sem hann er að beita hana miklu ofbeldi, bæði kynferðislegu og líkamlegu, og hún var með áverkamerki eftir það, hún var með för um

líkamann, [...] hún sagði að hann hefði verið að klípa sig, hún lýsti því líka að hann hefði tekið fyrir nef og munn þannig að henni fannst hún vera að kafna og hún óttaðist um að hún væri bara að kafna. [...] Og hún reyndi að koma sér undan en hann hélt henni, bæði höndunum og svona hélt með lærunum þannig að hún komst ekki, og þvingaði hana sem sagt bæði til kynmaka um leggöng og [munnmaka]. Hún sagði að þetta hefði verið dágóðan tíma og þegar hún kom til okkar þá var hún með mikil áfallaviðbrögð og vöðvaspennu, hún grét, hún þurfti öðru hvoru svona að draga djúpt inn andann eins og hún næði ekki alveg andanum, og já, skoðunin var erfið fyrir hana [...] Og ég bara man mjög vel eftir þessu af því að eftir að hún fór þá litum við hvor á aðra, ég og læk'nirinn, og bara okkur fannst þetta með svona já ljótari lýsingum sem við höfum heyrt.“

Vitnið sagði að brotápoli hefði komið aftur tveimur dögum síðar. [...] Brotápoli hefði verið með mikla verki í brjóstum og marín á brjóstum. Bráðalæknir hefði því verið fenginn til að gera ómskoðun [...].

Vitnið sagði að skráning í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings á andlegu og líkamlegu ástandi brotáþola við komu á Neyðarmóttöku, væri byggð á mati vitnisins á því hvernig brotápoli kæmi fyrir og lýsingu brotáþola á líðan sinni. „Þannig að ég horfi á vöðvaspennu og ég horfi ef þau fá hroll, og svona“, bætti vitnið við. Vitnið kvaðst hafa lagt stund á sérnám í geðhjúkrun með áherslu á áföll og ofbeldi.

Vitnið sagði að upplýsingar í móttökuskýrslunni, almenn lýsing á atviki, væru byggðar á viðtali vitnisins við brotáþola. Vitnið sagðist aðspurt ekki visst um að brotápoli hefði lesið frásögnina yfir.

Vitnið H kvaðst vera vinkona brotáþola en ekkert þekkja ákærða. Vitnið sagði brotáþola hafa sent sér skilaboð á sunnudagskvöldið og beðið um að fá að hringja í vitnið. Í framhaldinu hefði brotápoli hringt og hafið samtalið með orðunum ‚ég held að ég hafi lent í einhverju hræðilegu og tel mig hafa verið nauðgað‘. Eftir þetta hefði hún útskýrt málið, sagst hafa farið ‚á djammið með B‘ og kynnst þar manni sem hún hafi farið með heim til hans. Eftir að þau hefðu verið komin þangað hefði hann ýtt henni í rúm og haldið henni þar niðri, ‚og misnotar hana, með því á sama tíma og hann heldur henni niðri þá bítur hann hana, gefur henni handaför þar sem hann heldur henni fast bæði á brjóst [og] maga. Hún er með bitfar á vör.“ Nánar spurt um frásögn brotáþola sagði vitnið að ‚hún fann það strax bara eftir að þau koma inn í herbergið [...] að hann hendir henni í rúmið og þá finnur hún að hann er strax farinn að beita [hana] hörku, að hann snýr henni við og

heldur henni og þegar hún snýr hinsegin þá heldur hann henni niðri bæði þá með því að halda um ennið hennar þannig að hún gæti ekki hreyft sig, treður putta í kokið á henni þannig að endar með því að hún er klóruð í kokinu.“ Vitnið hefði séð sár í kokinu. „Hann bara [...] hélt henni, hún var með handarför á höndum, á brjósti, kleip í brjóstin á henni, beit hana í kálfa“. Brotapoli hefði sagt að hún hefði „eiginlega bara legið til að ná að klára þetta [...] þegar hún fann að það var ekki að fara að geta stoppað hann, þá hafi hún bara beðið þar til þetta væri búíð og sem tók sinn tíma.“

Vitnið sagði brotapolu hafa sent sér „myndir af marblettunum þegar við vorum að spjalla“. Brotapoli hefði verið með sár í koki, marbletti á lærum og kálfa, marbletturinn á kálfa hefði ekki farið fyrr en mörgum mánuðum síðar. Hún hefði haft „far undir il.“

Vitnið sagði að brotapoli hefði þetta kvöld ekki rakið atburðarásina í smáatriðum, „af því að hún vildi hlífa mér, en endaði með því að segja bara ‚ef þetta kallast eðlilegar samfarir, það bara getur ekki verið, þetta er svo langt frá því að kallast kynlíf að það á enginn að þurfa að finnast hann vera þíndur eða enda með svona áverka sem enginn vill‘.“ Vitnið var spurt hvort brotapoli hefði sagt henni allt þetta í símtalinu um kvöldið og játaði vitnið því. Brotapoli hefði setið úti á svölum hjá sér en synir hennar verið inni á meðan. Brotapoli hefði verið „svona í losti, hún eiginlega vissi bara ekki, svo sagði hún alltaf bara svona smá og smá, svo kom hún frá sér meira og meira“ en eftir frásögn brotapolu hefði vitnið sagt að það væri „mjög leiðinlegt að segja þetta við hana, en ég teldi að henni hefði verið misnotað.“

Vitnið sagði að þegar brotapoli hefði verið „búin að útskýra mál sitt“ hefði vitnið lagt til að hún léti „skoða sig og tala við einhvern“. Hún hefði þá sagt að hún ætti tíma hjá sálfræðingi tveimur dögum síðar og vitnið hefði svarað að ef brotapoli treysti sér ekki á bráðamóttöku ætti hún að tala við sálfræðinginn. Vitnið sagðist telja brotapolu hafa hringt til Neyðarmóttöku á mánudeginum.

Spurt af hverju vitnið hefði ráðið að brotapoli hefði í símtalinu verið „í losti“ sagði vitnið að hún hefði ekki verið æst, eins og hún gæti stundum verið, heldur talað „eins og hún vissi ekki hvernig hún átti að koma þessu frá sér, segir alltaf svona smá og ég sit bara og hlusta og leyfi henni að segja“. Brotapoli hefði oft þurft að „stoppa, [...] passa sig að gráta ekki, [...], hún situr þarna úti í kuldanum í nóvember.“ Vitnið sagðist hafa heyrt „að hún var alveg að fara að gráta, hún var mjög brotin.“ [...].

Vitnið sagði að símtalið hefði ekki verið í mynd.

Vitnið sagði að brotapolí hefði sent sér myndir af marblettum á brjósti og kálfa og af „marblettinum inni í vörinni“.

Vitnið sagðist hafa hitt brotapolá helgina eftir atvikið og hefði brotapolí þá sýnt marbletti á kálfa og vör og verið með klórfar á hálsi. Brotapolí hefði sagt að áverkinn á hálsinum hefði komið af því að „hann hélt henni niðri.“

Vitnið sagði að eftir atvikið hefði brotapolí ekki sofið „í mánuð“, svæfi hún eitthvað hefði það verið klukkustund hér og klukkustund þar og vaknað með martröð. Eftir mánuð hefði vitnið aðstoðað hana við að flytja úr borginni „og það var ekki fyrr en þá sem hún svaf.“ Vitnið sagði að þær hefðu átt dagleg samskipti á þessum tíma og brotapolí sagt sér af þessu. Mánuðinn eftir atvikið hefði brotapolí ekki þorað „ein út í búð, hún fór ekki út í göngutúr sem hún gerði vanalega daglega, hún labbaði ekki, þegar hún var að fara þá sagðist hún opna hurðina, hún leit út, hún var alltaf að tékka fyrst hvort að hann væri nokkuð fyrir utan af því að hann vissi hvar hún átti heima af því að hann skutlaði henni heim.“ Hún hefði ekki getað andað léttar og sofið fyrr en hún hefði verið flutt [...].

Vitnið sagði að brotapolí hefði í atburðarásinni verið hrædd um líf sitt, „hún sagði að þegar hún var að reyna að ýta honum af sér að það hefði bara eitthvað umturnast í augunum á honum og hún hélt bókstaflega að hún myndi ekki labba út lifandi ef hún myndi halda áfram að reyna að stoppa hann.“

Vitnið sagði að brotapolí hefði sagst ekki hafa sofnað heima hjá ákærða. Hún hefði legið uppi í rúmi þar til hann vaknaði, „þegar hann vaknaði þá hafi hann ætlað að reyna meira, hún hafi sagt ‚nei‘ og hann hafi þá skutlað henni heim.“

Vitnið sagði aðspurt að brotapolí hefði sagt að hún hefði fengið áverka á brjóst við það að ákærði hefði haldið henni niðri og klipið í brjóstin. Vitnið var spurt um það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu þess efnis að brotapolí hefði verið með bitfar á brjóstum og svaraði að brotapolí hefði verið handafar á brjósti. Vitnið tók fram að þegar það hefði gefið skýrslu hjá lögreglu hefði talsverður tími verið liðinn frá atvikinu og því hefði það hugsanlega ekki munað þetta. Vitnið hefði hins vegar séð á myndum að um handarfar væri að ræða. Vitnið sagðist ekki muna hvort brotapolí hefði talað um bitfar eða handarfar.

Vitnið sagði aðspurt að brotapolí hefði skýrt áverka á vör sinni með því að ákærði bitið í vörina.

Vitnið sagðist aðspurt ekki muna til þess að brotapolí hefði nefnt hvenær ákærði hefði ekið sér heim. Vitnið var spurt um það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu þess efnis

að hún hafi í því sambandi talað um sjöleytið. Vitnið sagði að svo langt væri um liðið að það myndi þetta ekki.

Vitnið sagði, spurt hvort brotþoli hefði sagst vera með klórfar á hálsi, að „hann hefði tekið svona í hálsinn á henni“ þegar hann hefði haldið henni niðri og væri það skýring áverka á hálsi. Vitnið sagði að brotþoli hefði sagst hafa reynt að ýta ákærða af sér „með fótunum, en þegar hún gerði það þá hafi hún séð umturnun í augum hans og orðið hrædd um líf sitt.“

Vitnið sagði að brotþoli hefði sýnt sér myndir úr gögnum málsins. Þær væru mjög nánar.

Vitnið B kvaðst vera vinkona og náfrænka brotþola en ekki þekkja ákærða. Þær brotþoli hefðu verið heima hjá brotþola um kvöldið, drukkið þar bjór og farið svo í bæinn á [...]. Þar hefðu þær hitt ákærða á dansgólfinu og strax hefðu myndast tengsl milli hans og brotþola. Þegar liðið hefði á kvöldið hefði vitnið rætt við ákærða, hann hefði kynnt sig og þau talað lengi saman. Hann hefði komið „rosa vel fyrir“. Þær brotþoli hefðu verið á staðnum í hæsta lagi tvær klukkustundir og hefðu ákærði og brotþoli þá verið búin að ákveða að fara saman heim. Þau þrjú hefðu svo farið burt á bifreið ákærða, fyrst hefði vitninu verið ekið heim en svo hefðu ákærði og brotþoli farið sína leið. Vitnið sagðist aðspurt telja mjög líklegt, en ekki muna, að það hefði á leiðinni spurt brotþola hvort hún vildi fara heim með ákærða. Þær brotþoli hefðu alltaf „viljað vita af hvor annarri á öruggum stað. Það var ekkert sem benti til þess að það stafaði nein hætta af honum þegar ég var með honum.“ Þegar vitnið hefði verið komið heim hefði það sent brotþola skilaboð og spurt hvort allt væri í lagi og brotþoli svarað að svo væri. Stuttu síðar hefði vitnið spurt aftur hvort allt væri í lagi og fengið svar um morguninn að allt væri í lagi. Um morguninn hefði vitnið vaknað og séð skilaboð brotþola. Sérstaklega spurt sagði vitnið að verið gæti verið að vitnið hefði orðað skeyti sitt svo: „Ertu örugg, er mér óhætt að fara að sofa?“, og að svar brotþola hafi hljómað: „Ha ha já ég er örugg.“ Þetta hafi verið milli klukkan þrjú og fjögur um nóttina.

Vitnið sagði að þær brotþoli hefðu ekkert hist um sunnudaginn því vitnið hefði verið upptekið. Um kvöldið eða á mánudeginum hefði brotþoli sent vitninu skilaboð og spurt hvort það gæti hitt hana. Þær hefðu talað saman og brotþoli sagt vitninu að hún hefði ekki sagt rétt frá þegar hún hefði sagt allt vera í lagi, „heldur hafi [ákærði] nauðgað henni um nóttina, heima hjá honum.“ Brotþoli hefði sagt að hún myndi ekki rekja þetta fyrir

vitninu í smáatriðum en hefði sagst hafa haldið að ákærði myndi drepa hana og hefði hann meitt hana mikið. Brotapoli hefði sagt frá áverkum á munn og á kálfa. Vitnið hefði fengið að sjá áverkann á kálfanum einhverjum vikum eftir atvikið. Brotapoli hefði sagt ákærða hafa beitt sig „harkalegu ofbeldi, hún hefði reynt að streitast á móti og hann hefði eflst við það þegar hún reyndi að streitast á móti.“ Hún hefði sagt að þegar þau hefðu verið komin inn hefði ákærði „breytt um ham, ekki verið þessi vinalegi maður sem ég meðal annars hitti um nóttina heldur hafi hann breyst í einskonar skrímsli og hún upplifði eins og hann sæi bara svart þegar hún horfði á hann því að [...] hann varð að einhverju svona ofurefli að etja við sem hún varð virkilega hrædd við.“

Nánar spurt sagði vitnið að brotapoli hefði, þegar hún hefði fyrst sagt sér frá atvikinu, sagt að hún hefði í tvígang reynt að streitast á móti ákærða.

Vitnið sagði að þær brotapoli hefðu báðar verið ölvaðar, en ekki mjög. Þær hefðu drukkið „kannski þrjá bjóra heima hjá henni“ og á barnum „einn bjór og eitt skot“. Þegar þær hefðu skilið um nóttina hefði ástand beggja verið „mjög gott“. Ákærði hefði sagst vera allsgáður og hefði ekki litið út fyrir annað.

Vitnið sagðist vita til þess að málið hefði haft „mjög djúpstæð áhrif“ á brotapola, „meðal annars með það að hún lokaði sig af og hún hefur náttúrulega þurft að leita til sálfræðinga og fagaðila með sína að ég held áfallastreituröskun“. Brotapoli hefði verið „mjög hrædd að sofa heima hjá sér næturnar á eftir og flutti meðal annars mjög fljótlega úr íbúðinni sinni í [...]. Hún talaði um miklar martraðir, hún festist í kjálkunum af því að hún er að bíta svo mikið saman“.

Vitnið var spurt hvort það hefði spurt brotapola hvers vegna hún hefði um morguninn sent vitninu skilaboð um að allt væri í lagi. Vitnið svaraði: „Ég held að ég hafi ekki spurt hana að því, hún bara þorði ekki að segja mér það, hún sagði það.“ Nánar spurt sagði vitnið að sig minnti að brotapoli hefði sagt þetta. Brotapoli hefði ekki útskýrt það nánar.

Vitnið F sálfræðingur kvaðst hafa unnið í áfallateymi Landspítalans, þar á meðal sálfræðiþjónustu Neyðarmóttöku, frá árinu 2018. Vitnið sagði brotapola hafa komið þrívægis til sín eftir atvikið og greint frá atvikinu og mikilli vanlíðan í kjölfar þess. Brotapoli hefði lýst mikilli hræðslu og svefnerfiðleikum. Hún hefði lýst hræðslu við að vera í margmenni, bæði vegna ótta við að rekast á ákærða sem og um að eitthvað hættulegt gerðist. Brotapoli hefði greint frá „óvelkomnum minningum um meint brot,

þar sem hún var að fá myndir af því þegar hann hélt um munninn á henni og bara af einhverjum svip sem hann gerði á meðan á meintu broti stóð“.

Vitnið sagði að brotþola hefði liðið „mjög illa“ þegar hún hefði komið fyrst til vitnisins, „geðslag hennar var lækkað, hún var döpur í skapi og svona hræðsla í henni“. Þegar brotþoli hefði komið í annað sinn hefðu þessi einkenni enn verið til staðar „en aðeins vægari“ en í þriðja viðtali hafi brotþola verið „farið að líða betur og var búin að ná að takast á farsælan hátt [á] við þessi einkenni með aðferðum sem við höfum verið að vinna með í viðtölum og henni leið betur og var enn þá með einhver smá einkenni en við töldum báðar að hún væri á það góðum stað að hún þyrfti ekki á fleiri viðtölum að halda hjá mér.“ Brotþoli hefði farið „í eðlilegan bata“.

Vitni sagði að brotþoli hefði í fyrsta viðtali sagt að hún hefði hitt mann niðri í bæ og farið heim til hans. Heima hjá honum hefðu þau byrjað „að kyssast og fóru úr fötunum og byrjuðu að stunda samfarir með samþykki, hún segir hann fljótt hafa orðið mjög harkalegan og hún hafi frosið og hún hafi ekki tekið þátt og hann hafi verið að bíta hana, klípa hana, tekið fyrir munninn á henni, rifið í hárið á henni, ekki hlustað á hana eða hvað hún vildi og hún hafi já að mestum part bara verið mjög hrædd og þorði ekki að bregðast mikið við af því að hún var hrædd um hvað hann gæti gert.“

Vitnið var spurt hvernig það mæti trúverðugleika brotþola og svaraði að trúverðugleikinn væri ekki metinn sérstaklega „nema bara með því að fólk sé samkvæmt sjálfu sér í frásögn, sé að segja bara svipaða hluti í viðtölum bara þegar það kemur til okkar, og það sé ekkert sem er þversagnakennt í frásögn eða eitthvað slíkt, sem var ekki í hennar tilviki, og bara líðan hennar samsvaraði mjög vel því sem hún var að segja frá líka“.

Vitnið sagði aðspurt að lýsing, í vottorði vitnisins, á atburðarás næturinnar væri komin frá brotþola. Vitnið var sérstaklega spurt um orðin „hún greindi frá því að hafa upplifað sig í lífshættu og þorði ekki að berjast á móti meintum geranda af ótta við að styggja hann“, og sagði vitnið að þessi lýsing væri komin frá brotþola.

Vitnið sagði aðspurt að brotþoli hefði lýst fyrir vitninu að í upphafi hafi hún verið samþykk samræði en síðar hafi ákærði gengið of langt.

Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið E sálfræðingur sagði brotþola hafa verið [...] vegna langvarandi kulnunar og streitu og hafa verið vísað til vitnisins til sálfræðimeðferðar. Hún hefði í fyrsta tíma sýnt

„mörg einkenni langvarandi streitu, eða svona kulnunarástandi eins og við skilgreinum það, [...] Hefði verið „langvarandi álag til staðar í hennar lífi.“

Vitnið sagði brotþola hafa komið til sín mánudaginn 11. nóvember. Brotþola hefði þá verið „mikið niðri fyrir og hún var mjög brotin eftir þessa helgi, eftir þetta áfall“ og hefði sýnt „mörg einkenni áfallastreitu“. Hún hefði sofið lítið og verið mjög kvíðin og liðið „virkilega illa“. Brotþoli hefði sagt að „sér hefði verið nauðgað þessa helgi“. Hún hefði verið „í miklu uppnámi“ í viðtalinu.

Vitnið sagði að frá fyrsta viðtali og fram að atviki málsins hafi brotþoli verið búin að vinna að einhverju leyti á því sem þá hafði hrjáð hana, en þær hefðu ekki verið búnar „að vinna það alveg niður en við höfðum náð, já alveg ágæts árangri.“

Vitnið sagði að fyrri áföll og erfiðleikar hefðu ekki góð áhrif á síðari áföll. „Þetta ýtir undir mikla vanlíðan og skort á sjálfstrausti „og hún fór alveg aftur á bak eftir þetta meinta atvik.“

Vitnið sagði brotþola hafa komið til sín í átta viðtöl eða svo, á sjö til átta mánaða tímabili.

Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið G sálfræðingur sagði ákærða hafa leitað til sín um mitt ár 2020 eftir að málið hefði komið upp. Ákærði hefði komið vegna kærunnar og verið „í miklu uppnámi og leið illa og vildi fá tilfinningalegan stuðning og aðstoð“. Hefði verið greinilegt að það hefði verið ákærða mikið áfall að vera borinn þessum sökum og því fylgt mikill kvíði og vanlíðan.

Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða „töluvert oft“ eftir að málið hefði komið upp og væri ákærði enn í viðtölum hjá vitninu. Líðan ákærða hefði verið sveiflukennd, en hann jafnan verið kvíðinn. Biðin væri erfið. Vitnið kvaðst ekki sjá betur en ákærði væri mjög einlægur í samskiptum þeirra.

Vitnið sagði ákærða hugsa „fram og til baka af hverju þetta gerðist, að hann lenti í þessu að vera ásakaður um þetta, og hann sagði alltaf við mig að hann skildi ekkert í þessu, væri ekki meðvitaður um að eitthvað væri fyrir utan eðlileg mörk.“

Vitnið kvaðst hafa sagt við ákærða að ef hann ætti erfitt með að slaka á ætti hann ef til vill að leita til heimilislæknis og fá léttar róandi töflur.

Niðurstaða

Með skýrslu C um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola og skýrslu læknisins fyrir dómi er sannað að brotþoli kom á Neyðarmóttöku mánudaginn 4. nóvember 2019, kom fyrir lækninn kl. 17:40, og var þá með þá áverka sem greinir í skýrslu C um réttarlæknisfræðilega skoðun.

Ákærði og brotþoli eru sammála um fyrri hluta samskipta þeirra umrætt kvöld og nótt. Óhætt er að leggja til grundvallar í málinu að þau hafi hvort um sig farið á [...] um kvöldið, hún með vinkonu sinni, B, hann með vinum sínum. Á staðnum hafi ákærði og brotþoli tekið hvort eftir öðru, en þau hafi ekkert þekkt fyrir þetta kvöld. Vel hafi farið á með þeim á staðnum, þau hafi spjallað saman, dansað og kysst, og í framhaldinu ákveðið í sameiningu að fara saman heim. Þá liggur fyrir að þau fóru úr bænum í bifreið ákærða, með í för var B og var henni fyrst ekið heim. Þaðan héldu ákærði og brotþoli heim til hans og þó ekki liggi nákvæmlega fyrir hvernig staðið var að því að ákveða að fara frekar þangað en heim til hennar, hefur ekkert komið fram sem bendir til alvarlegs ágreinings um það. Fljótlega eftir að komið var á heimili ákærða fóru þau í svefnherbergi ákærða og afklæddust. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvort brotþoli fór sjálf úr nærbuxum eða ákærði klæddi hana úr þeim, en að öðru leyti mun hvort hafa klætt sig úr og bæði þá hugsað sér að stunda kynlíf. Framhaldinu í íbúð ákærða lýsa þau í grundvallaratriðum ólíkt. Ákærði lýsir vel heppnuðu og ánægjulegu kynlífi sem bæði hafi tekið þátt í og notið. Þau hafi spjallað saman að því loknu og brotþoli meðal annars lokið lofsorði á ákærða, sem hafi glatt hann. Ekkert ofbeldi hafi verið viðhaft. Ákærði væri nærgætinn og brotþoli hafi sýnt „vellíðan í hljóðum og með snertingu og orðum“. Brotþoli dregur upp gerólíka mynd af atburðarásinni. Hún hafi verið tilbúin til kynlífs en ákærði hafi fljótlega snúið henni „ótrúlega harkalega við“ og byrjað að slá hana alla. Mjög snemma í atburðarásinni hafi staðan breyst frá því að þau tvö væru að fara að gera eitthvað saman, í að ákærði væri að gera eitthvað við hana. Hann hafi ítrekað slegið hana, klipið í hana og bitið. Ákærði hefði ítrekað haldið henni svo hún hafi ekki stjórnað sjálf hvernig hún var. Henni hafi um tíma verið haldið í keng. Ekkert að því sem gerst hafi í svefnherbergi ákærða hafi verið með hennar samþykki.

Samkvæmt 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 16/2018, telst nauðgun að hafa samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans. Í þessu máli er ljóst að brotþoli var, í upphafi veru sinnar í íbúð ákærða, samþykk kynlífi með honum. „Ég var samþykk að fara þarna heim og ég var til í að sofa hjá honum í upphafi“, sagði hún fyrir dómi, „en allt sem gerðist þarna inni í herberginu hans var ekki með mínu

samþykki.“ Þegar hún var spurð hvort hún hefði enn verið samþykk mökum á þeirri stundu er kynfæri ákærða hefðu fyrst farið í kynfæri hennar svaraði brotapolí: „Ég man ekki nákvæmlega hvenær það fyrst gerist“.

Vitnið F sálfræðingur bar fyrir dómi um hvernig brotapolí hefði lýst atburðarásinni. Samkvæmt því hefðu ákærði og brotapolí, þegar heim til ákærða hefði verið komið, byrjað „að kyssast og fóru úr fötunum og byrjuðu að stunda samfarir með samþykki, hún segir hann fljótt hafa orðið mjög harkalegan og hún hafi frosið og hún ekki tekið þátt og hann hafi verið að bíta hana, klípa hana, tekið fyrir munninn á henni, rifið í hárið á henni, ekki hlustað á hana eða hvað hún vildi“. Þó hafa verði í huga að vitnið var sjálf ekki vitni að atvikum heldur hefur hér lýsingu eftir brotápóla, er þetta til stuðnings því að í upphafi samfara hafi brotapolí enn verið þeim samþykk.

Skýra ber skynsamlegan vafa í sakamáli ákærðum manni í hag. Við úrlausn málsins verður miðað við að brotapolí hafi verið samþykk kynmökum í upphafi þeirra.

Þótt miða verði við í málinu að brotapolí hafi í upphafi verið samþykk kynmökum hefur ekkert komið fram sem gerir sennilegt að slíkt samþykki hafi náð til annars en hefðbundins kynlífs. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að brotapolí hafi samþykkt að vera beitt neinu því ofbeldi sem hún ber að ákærði hafi haft í frammi. Ákærði hefur fyrir sitt leyti ekki heldur byggt á slíku, hann kveður þau hafa stundað ofbeldislaust kynlíf báðum til ánægju. Samkvæmt þessu þykir óhætt að slá föstu að ekkert samþykki til þvingunar eða annars ofbeldis hafi legið fyrir.

Eins og áður segir liggur fyrir í málinu að brotapolí gekkst undir skoðun á Neyðarmóttöku og var þá með þá áverka sem raktir hafa verið. Ekkert hefur komið fram sem gerir sennilegt að þá áverka hafi hún hlotið við annað tækifæri en á heimili ákærða umrædda nótt. Í skýrslu sinni um réttarlæknisfræðilega rannsókn rekur C læknir áverkana og dregur af þeim ályktanir sem raktar hafa verið. Í samantekt sinni segir læknirinn svo meðal annars að brotapolí hafi haft „áverka á víð og dreif og [komi] nokkrir vel heim og saman við t.d. lýsingu á biti og aðrir við rispur eftir mögulega neglur og klíp, aðrir eftir grip með fingrum.“ Þegar horft er á lýsingu C á áverkunum og þær ályktanir sem læknirinn dregur af þeim, er óhjákvæmilegt að líta svo á að þar sé verulegur stuðningur við lýsingu brotápóla á atburðarásinni. Á hinn bóginn draga lýsing og ályktanir C ekki upp mynd af ofbeldislausu kynlífi sem líkur standi til að brotapolí hafi tekið þátt í sér til ánægju og vellíðunar.

Vitnin B og H lýstu hvort um sig að brotþoli hefði sett sig í samband við það og greint frá atburðum næturinnar frá sínum sjónarhóli. Bæði vitnin eru nánar vinkonur brotþola og eindregið á hennar bandi, en það leiðir ekki til þess að vitnisburði þeirra verði hafnað. Framburður hvors vitnis um sig um hvernig brotþoli hafi sett sig í samband við það og lýst atburðarás þykir trúverðugur. Verður miðað við að brotþoli hafi sett sig í samband við B og H og sagt hvorri um sig að ákærði hafi beitt sig ofbeldi um nóttina. Það, hvort vitnin muna nákvæmlega hvar á líkamanum brotþoli hafi sagt einstaka áverka hafa verið, þykir engum úrslitum ráða um trúverðugleika frásagnar þeirra í meginatriðum. Það, að brotþoli hafi sagt þessum vinkonum sínum að ákærði hafi beitt hana ofbeldi, sannar vitaskuld ekki að sú frásögn hennar sé rétt, en kemur til skoðunar við mat á því hvort athafnir brotþola eftir atvikið séu í eðlilegu samhengi við það sem hún segir hafa gerst.

Brotþoli fór með manni, sem hún hafði kynnst sama kvöld, á heimili hans með kynlíf í huga. Hún ber að sú nótt hafi svo þróast með öðrum hætti en hún hefði hugsað sér og hafi hún verið beitt ítrekuðu ofbeldi á meðan við hana hafi verið haft samræði. Vitaskuld væri ekki óeðlilegt að einstaklingur, sem telur svo fyrir sér komið, hefði hið fyrsta samband við lögreglu og leitaði aðstoðar á Neyðarmóttöku. Ekki verður hins vegar litið svo á að slík viðbrögð ein séu skiljanleg ef slíkar aðstæður koma upp. Verður ekki litið svo á að óeðlilegt eða ótrúverðugt sé að einstaklingur í þessari stöðu taki sér einhvern tíma til að ná áttum og ákveða næstu skref. Það, hvernig brotþoli ber um gerðir sínar fyrsta sólarhringinn eftir atvikið, þykir ekki til þess fallið að valda sérstökum vafa um frásögn hennar að öðru leyti.

Ákærði leitaði sálfræðiaðstoðar í framhaldi af því að lögregla upplýsti hann um kæru brotþola. Fyrir sálfræðingnum lýsti hann sakleysi sínu.

Brotþoli og ákærði gáfu bæði skýrslu fyrir dómi. Hafa þau verið sjálfu sér samkvæm um grundvallaratriði málsins.

Óumdeilt er að brotþoli kom á Neyðarmóttöku mánudaginn 5. nóvember. Hjá lögreglu og fyrir dómi taldi hún sig hafa haft samband símleiðis við Neyðarmóttökuna á sunnudeginum og þá verið sagt að koma daginn eftir. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðingsins D segir að brotþoli hafi hringt til Neyðarmóttökunnar á mánudeginum og komið þann dag. Er slíkt í samræmi við það sem C sagði fyrir dómi,

að brotapolar fengju að jafnaði skoðun samdægurs. Verður að telja líklegast að sú hafi verið raunin í þetta sinn. Það, að brotapoli hafi talað um að hún hafi hringt á Neyðarmóttöku á sunnudegi en ekki mánudegi, þykir ekki þess eðlis að valdi vafa um trúverðugleika hennar í málinu almennt.

Brotapoli og vitnið B sendu skilaboð sín á milli um nóttina og morguninn. Skilaboðin liggja ekki fyrir í gögnum málsins að öðru leyti en því að B las þau upp í símaskýrslu hjá lögreglu og minnst er á þau í samantekt lögreglu um skýrsluna. Með hliðsjón af því sem B og brotapoli sögðu um skilaboðin fyrir dómi þykir mega miða við að þær hafi sent þau skilaboð sem B las fyrir lögreglu og rakin hafa verið. Vekur þar sérstaka athygli skeyti sem brotapoli sendir kl. 09:15 og segir „hahaha já ég er örugg, ertu vöknuð?“ Brotapoli sagði fyrir dómi að hún hefði viljað hlífa B, sem hefði verið að „tækka á“ henni, og hefði ekki viljað að B „liði eins og hún hefði sent mig heim með einhverjum og þetta hefði gerst.“ Þá sagði brotapoli að sjálf hefði hún verið að átta sig á hvað hefði gerst. Fyrir liggur að á leiðinni af skemmtistaðnum spurði B brotapola ítrekað hvort hún vildi fara heim með ákærða og miða verður við að brotapoli hafi um nóttina beðið B um að „tækka á“ sér. Þegar á allt þetta er horft, sem og það að skilaboð brotapola eru send kl. 09:15 um morguninn, þykja þau ekki vekja vafa sem máli skipti um frásögn brotapola í aðalatriðum.

Þegar á allt framanritað er horft verður að leggja til grundvallar í málinu að brotapoli hafi í upphafi atburðarásar á heimili ákærða verið samþykk kynmökum. Réttarlæknisfræðileg skoðun C og skýrsla C fyrir dómi veitir frásögn brotapola af framhaldinu mjög verulegan stuðning. Gegn framburði brotapola stendur framburður ákærða en ekkert haldbært annað sem valdið getur skynsamlegum vafa um meginatriði framburðar brotapola. Hefur ákærvaldið þannig fært fram lögfulla sönnun fyrir því að ákærði hafi veitt brotapola þá áverka sem í læknisskýrslu C greinir. Í ákeru er ákærða meðal annars gefið að sök að hafa troðið hönd sinni mörgum sinnum upp í munn brotapola. C greindi ekki áverka inni í munn brotapola. Á hinn bóginn sagði C fyrir dómi að munnur og kinnar væru nokkuð vel teygjanleg. Ekki verður slegið föstu, að hafi ákærði troðið hönd ítrekað upp í munn brotapola, hefðu hlotið að koma af því áverkar sem læknir hefði hlotið að sjá við skoðunina. Gegn neitun ákærða verður ekki talið sannað í málinu að hann hafi troðið hendinni í munn brotapola, en af því leiðir ekki að leitt hafi í ljós að það hafi hann ekki gert. Um þetta er skynsamlegur vafi sem verður skýrður ákærða í hag að þessu leyti, en þetta þykir ekki hafa áhrif á almennt mat á

trúverðugleika frásagnar brotaþola af atburðarásinni. Sama þykir eiga við um það hvort brotaþoli hafi verið hárreytt. Niðurstöður réttarlæknisfræðilegrar rannsóknar á brotaþola taka ekki af tvímæli um það og gegn neitun ákærða verður ekki talið sannað að hann hafi rifið í hár hennar, en í því felst ekki að hið gagnstæða hafi verið gert sennilegt þannig að áhrif hafi á trúverðugleika framburðar brotaþola. Þá kom fram hjá C fyrir dómi að oft sæjust merki um bólgubreytingar í leghálsi, en hann væri viðkvæmur. Þá hefði verið slímkennnd útferð á sama stað og væri þetta langoftast vegna bakteríu og „þannig séð málinu óviðkomandi“. Samkvæmt þessu verður ekki talið að bólgubreytingar og létt blæðing á leghálsi, sem getið er í ákæru, sé komið til af atvikum málsins.

Brotaþoli fór á heimili ákærða samþykk kynmökum. Klæddi hún sig meðal annars sjálf úr fötunum. Ekkert bendir til þess að slíkt samþykki hafi verið til annars en hefðbundins kynlífs, að minnsta kosti hefur ekkert komið fram sem bendir til að brotaþoli hafi samþykkt kynlíf sem myndi skilja hana eftir með þá áverka sem raktir hafa verið. Þótt brotaþoli hafi ekki dregið samþykki sitt til baka með orðum eða kröftugri mótspyrnu gat ákærði ekki miðað við að hún hefði á neinn hátt samþykkt neinar þær athafnir sem þeim áverkum ollu. Allt að einu hafði hann samræði við brotaþola eftir að honum hlaut að vera ljóst að forsendur samþykkis hennar voru brostnar og við það hlaut brotaþoli þá áverka sem taldir eru upp í ákæru, að frátöldum bólgubreytingum og blæðingu á leghálsi. Hefur ákærði með þeirri háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940 eins og honum er gefið að sök í ákæru og unnið sér til refsingar.

Atvikið varð 3. nóvember og brotaþoli kom til lögreglu 20. nóvember 2019 og kærði ákærða. Lögregla yfirheyrði ákærða 8. júní 2020 eftir að hafa tilnefnt honum verjanda 3. júní. Var ákærði þannig yfirheyrður rúmum sjö mánuðum eftir atvikið og rúmum sex mánuðum eftir að brotaþoli kærði. Engin skýring hefur komið fram á þessum drætti. Líði langur tími frá atviki þar til sakborningur er fyrst yfirheyrður eykur það líkur á að sakborningur gleymi eða hann misminni um málavexti. Eðli málsins samkvæmt á það einnig við um vitni sem sakborningur kann að benda á og gætu borið honum í hag. Þá getur skipt máli ef brotaþoli og eftir atvikum vitni sem bera með svipuðum hætti eru yfirheyrð snemma í rannsókn en sakborningur og vitni sem bera honum í vil eru fyrst yfirheyrð mörgum mánuðum síðar. Þegar ákærði var loks yfirheyrður greindi hann lögreglu frá að í fyrstu hefði hann ekki munað eftir málinu en svo hefði minnið opnast. Í skýrslutökunni gaf hann nákvæm svör og ekki síður fyrir dómi. Verður að þessu

athuguðu að telja að sá tími sem leið áður en talað var við ákærða hafi ekki spillt vörn hans.

Við ákvörðun refsingar ber að horfa til þess að ákærði hefur hreinan sakaferil en á hinn bóginn þess að brotþoli fékk við brotið þá áverka sem raktir hafa verið. Atvikið varð 3. nóvember 2019 en ákæra er gefin út í ágúst 2021. Fyrir dómi bar ákærði um það álag sem málið hefði valdið sér og í vottorði sálfræðings er fjallað um kvíða og vanlíðan sem ákærði hafi glímt við.

Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Ákærði hefur framið refsiverða meingerð gegn brotþola og ber bótaábyrgð á henni. Dómstólar hafa lengi litið svo á að brot af þessu tagi séu til þess fallin að valda brotþola miska. Vottorð sálfræðinga sem brotþoli leitaði til hafa verið rakin. Með hliðsjón af öllu þessu og dómaframkvæmd ákveðast miskabætur til brotþola 1.800.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir en bótakrafa mun hafa verið birt ákærða 27. október 2021. Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Almars Þ. Möller lögmanns, 3.661.000 krónur með virðisaukaskatti, þóknun réttargæslumanns brotþola, Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, 962.860 krónur með virðisaukaskatti, og 171.000 króna annan sakarkostnað. Frá upphafi málsins og fram að aðalmeðferð gætti annar lögmaður hagsmuna brotþola en vegna covid-19 veikinda þess lögmanns, skömmu fyrir aðalmeðferð, var Erlendur Þór skipaður í hans stað. Fyrri réttargæslumaður óskaði eftir að þóknun vegna réttargæslu yrði í einu lagi dæmd Erlendi Þór. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari með málið. Málið dæma héraðsdómararnir Þorsteinn Davíðsson, Ástríður Grímsdóttir og Kristinn Halldórsson.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, Finnur Þ. Gunnþórsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði A 1.800.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. nóvember 2019 til 27. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Almars Þ. Möller lögmanns, 3.661.000 krónur, 962.860 króna þóknun Erlendar Þórs Gunnarssonar réttargæslumanns og 171.000 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson